

SHAUÐÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Húsbílaútilega við Ikea
Félag húsbílaeigenda hélt haustfund
sinn á bílplani IKEA á dögnum, gisti
og borðaði morgunmat í versluninni.
allt 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

24. október 2011
248. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reennihálförnum Eurocent Gallup apríl - júní 2011



Auddi í útvarp

Auðunn Blöndal stýrir
nýjum síðdegisþætti á FM
957 ásamt góðum félögum.

fólk 26

Sönglög Liszts

Ágúst Ólafsson barítón-
söngvari syngur með
Karlakór Hreppamanna.

tímamót 14




Heiðar hetja QPR

Heiðar Helguson og lið
Manchester City voru í
aðalhlutverkum í enska
boltanum í gær.

sport 20

veðrið í dag



BJART SV-TIL Í dag ríka norð-
lægar áttir, víða 5-10 m/s en 10-15
m/s við SA-ströndina. Stöku el N-til
en annars úrkomulítið fram af degi.
Þykkar upp með slyddu og síðar
rigningu SA-lands undir kvöld.

VEÐUR 4

Mál fyrir íslenska dómstóla þrátt fyrir erlent lögheimili

Slitastjórnir geta höfðað öll sín riftunarmál fyrir íslenskum dómstólum eftir lagabreytingu Alþingis. Áður var varnarþing þess sem stefnt var í því landi þar sem hann átti lögheimili. Miklir hagsmunir eru í húfi.

VIÐSKIPTI Slitastjórnir föllnu banka-
anna geta nú höfðað riftunarmál
gegn einstaklingum eða fyrir-
tækjum hérlendis þrátt fyrir að
viðkomandi eigi lögheimili, og þar
af leiðandi varnarþing, í öðru landi.
Lög þess efnis voru samþykkt á
Alþingi á fimmtudag. Samhliða var
frestur slitastjórnanna til að höfða
riftunarmál lengdur úr 24 mánuðum
í 30 mánuði.

Fjölmargir stjórnendur og
stjórnarmenn föllnu bankanna
fluttu lögheimili sín til útlanda eftir
bankahrun og eiga þar með varnar-
þing ytra. Heimildir Fréttablaðsins
herma að mörgum þeirra hafi verið
ráðlögð þau vistaskipti einmitt til að

forðast að hægt væri að stefna þeim
til riftunar eða setja þá í þrot fyrir
íslenskum dómstólum, sem laga-
breytingin heimilar nú. Slitastjórnir
geta nú einnig stefnt erlendum við-
skiptavinum bankanna sem talið
er að hafi tekið þátt í riftanlegum
gerningum. Um mikla hagsmuni er
að ræða fyrir protabú bankanna.

Frumvarpið var lagt fram í
kjölfar ábendingar frá slitastjórn
Landsbankans vegna dóms sem
féll gegn henni í Hæstarétti í júlí
síðastliðnum. Málið snerist um að
spænskur banki, Banco del Gott-
ardo S.A., hafði keypt skuldabréf
útgefið af Landsbankanum í byr-
jun árs 2007 á eina milljón evra, um

Eyðir réttaróvissu

Kristinn Bjarnason, formaður slitastjórnar Landsbankans, segir lagasetninguna eyða réttaróvissu. „Þetta þýðir að nú verður hægt að reyna á riftun þeirra sem eru með erlenda búsetu vegna erlendra viðskipta íslensku bankanna. Hættan var sú að einu riftunarmálin sem yrði hægt að reka myndu snúa að þeim sem byggju á Íslandi. Við töldum það ekki eðlilegt gagnvart jafnræði kröfuhafa.“

160 milljónir króna á núvirði. Bréfið
var á gjalddaga 29. desember 2008.
Hinn 3. október, fjórum dögum
áður en Landsbankinn var tekinn
yfir af Fjármálaeftirlitinu (FME),
keypti bankinn hins vegar skulda-
bréfið til baka á nánast sömu upp-
hæð. Þessum gerningum vildi slita-
stjórn Landsbankans rifta vegna

þess að bréfið var keypt þegar ljóst
þótti að Landsbankinn stefndi í þrot
þrátt fyrir að það væri ekki komið
á gjalddaga. Nýr eigandi spænska
bankans hafnaði því og krafðist
frávisunar þar sem hann ætti ekki
varnarþing á Íslandi. Íslenskir dóm-
stólar voru sammála þeirri túlkun.

- þsj



SKELFING Í TYRKLANDI Öflugur jarðskjálfti sem mældist 7,2 á Richter reid yfir í austurhluta Tyrklands í gær. Öttast var að allt að þúsund manns hefðu farist, en fjöldi bygginga hrundi til grunna. Leitað var að fólki í rústunum í allan gærddag og íslenska rústabjörgunarsveitin var á vöktunarsٹی. **Sjá síðu 6** NORDICPHOTOS/AFP

Ingvar Helgason vekur athygli:

Á síðum tísku- ritsins Elle

FÓLK Skartgripir hönnunar-
tvíeykisins Ostwald Helgason eru
á forsiðu sérstaks fylgihlutablaðs
nóvemberblaðs tískutímarits-
ins Elle. Tvíeykið er skipað þeim
Ingvari Helga-
syni og Sus-
anne Ostwald.

Þau settu
nýverið
sína fyrstu
skartgripalínu
á markað en
hafa til þessa
fengist við að
hanna fót.
Ingvar segir
að viðtökurnar
séu hvatning til að halda áfram
skartgripagerðinni.
„Okkur langaði bara að prufa
að búa til nokkur stykki og sjá
hvernig gengi. Viðtökurnar
hafa verið góðar og nú erum við
að vinna aðra línu fyrir næstu
haust- og vetrarlínu okkar,“
segir Ingvar. **- sm / sjá síðu 26**



INGVAR HELGASON

Rannsókn um heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja:

Helmingur ræðir ekki uppeldið

DÓMSMÁL Fráskildir foreldrar, sem
hefur verið dæmt sameiginlegt for-
ræði yfir börnum sínum, geta í tæp-
lega helmingi tilvika ekki komið sér
saman um neitt er varðar uppeldi
barnanna. Þetta kemur fram í niður-
stöðum rannsóknar sem gerð var í
Danmörku nýlega.

„Tæpur helmingur svaraði

neitandi, aðallega vegna þess að
þeir höfðu lítil sem engin samskipti
sín á milli eða vissu að ekki yrði
samkomulag. Það var sama sagan
þegar við spurðum hvort foreldr-
arnir gætu rætt hversdagslega hluti
varðandi barnið, helmingurinn gat
það ekki,“ segir Mai Heide Ottosen,
sem stjórnaði rannsókninni. Hún

segir að foreldrar sem hafi verið
skikkaðir til sameiginlegs forræðis
hafi þó átt auðveldara með að vinna
saman en foreldrar þar sem annað
hafði forræði. „Sumir foreldrar geta
unnið saman jafnvel þótt þeir fari
fyrir dómstóla. Þetta getur verið
góð lausn fyrir þá foreldra, en það
er minnihlutahópur.“ **- þeb / sjá síðu 4**

Mánudags
FISKURINN

Fáðu uppskriftina
á gottimatinn.is

Tilboðsverð
1.255,- kr

150 cm lengd
Smíðjuvegi 76 • 200 Kópavogi • www.tengi.is • Baldursnesi 6 • 603 Akureyri

TILBOÐ VIKUNNAR
STURTUBARKAR

TENGI

Kringlukast
Síðasti dagurinn
Opíð 10-18.30

20-50% afsláttur



Rúnar, verður þú kátt í höllinni?

„Já, það verður kátt í höllinni og hver fellan á fætur annari.“

Rúnar Fjeldsted, framkvæmdastjóri Keiluhallarinnar, opnar nýja og stærri keiluhöll í Egilshöll í febrúar.

Skattlagning á vaxtatekjur er brot á EES-samningnum segir skattasérfræðingur:

Brot á erlendum fyrirtækjum

FJÁRMÁL Skattlagning á vaxtatekjur erlendra fyrirtækja á Íslandi er skýlaust brot á samningnum um evrópska efnahags-svæðið, EES-samningnum. Skattlagningin er letjandi fyrir erlenda fjárfestingu ofan á gjaldeyrishöft sem valda því að erlendir aðili sem hefur fjárfest hér getur ekki fengið fjárfestingu sína greidda fyrir en höftum verður aflétt.

Þetta kom fram í erindi Völu Valtýsdóttur, sviðsstjóra skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, á morgunverðarfundum um skattamál sem fyrirtækið efndi til ásamt

Samtökum fjárfesta, NASDAQ OMX Iceland (Kauphöll Íslands) og Samtökum atvinnulífsins síðastliðinn föstudag.

Vala sagði jafnframt að þrátt fyrir að tekjuskattlögum hefði verið breytt vegna skattlagningar arðs, reyndar vegna brots á EES-samningnum, hefði þetta ekki



VALA VALTÝSDÓTTIR

verið haft í huga þegar vextir til erlendra lögaðila hefðu verið gerðir skattskyldir. Þar sem skattlagningin er brúttó, þ.e. vaxtagreiðslan er skattlögð í stað hagnaðar (eins og gildir í tilvikum innlendra lögaðila), samræmist löggjöfin ekki EES-samningnum, sagði Vala.

Í erindi Völu kom einnig fram að það væri algengt í nágrannalöndum okkar að undanþiggja vexti til erlendra lögaðila skatti, sérstaklega ef viðkomandi félag væri innan EES eða tvísköttunar-samningur í gildi á milli viðkomandi landa.

- shá

Byssumaður í Þorlákshöfn:

Kominn undir læknishendur

LÖGREGLUMÁL Karlmanni á fer-tugsaldri, sem var handtekinn aðfaranótt sunnudags eftir að hafa hleypt af skotvopni í eða við íbúðarhús í Þorlákshöfn, var sleppt úr haldi lögreglu eftir yfirheyrslur í gær.

Maðurinn var einn í húsinu og bendir ekkert til þess að hann hafi ætlað að beita vopnum sínum á aðra. Hann hafði skorið sig eða skrúmað með hnífi. Málið telst upplýst og er maðurinn kominn undir læknishendur.

- hhs

Nýjar lóðir í Flatey senn til úthlutunar

Reykholahreppur mun úthluta fjórum nýjum sumarhúsalóðum í Flatey. Áhugi er mikill segir sveitarstjórinn, sem kveður eftir að ákveða hvernig ráðstafa eigi lóðunum. Mun styrkja byggðina segir stjórnarmaður í Framfarafélagi Flateyjar.

SKIPULAGSMÁL Reykholahreppur hefur samþykkt nýjar lóðir undir sumarhús í Flatey. Búast má við að lóðirnar verði afar eftirsóttar.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykholahrepps, segir að úthluta eigi fimm sumarhúsalóðum við vestanverða götuna sem liggur upp á eyna frá höfninni í Flatey. Lóðirnar séu þær fyrstu sem bjóðist í eyinni í fjölda ára.

Ingibjörg segir viðbúid að mikil eftirspurn verði eftir nýju lóðunum sem standa á landi í eigu Reykholahrepps. Menn hafi ekki enn gert sér grein fyrir hversu miklu lóðirnar skili hreppnum í aðra hönd.


„Við erum ekki enn búin að ákveða á hvaða hátt við komum lóðunum út; hvort það verður fyrstur kemur fyrstur fær, eða hvort efnt verður til útboðs. Ætlunin er að skoða þetta núna á næstunni,“ segir sveitarstjórinn.

Á svæðinu sem nýtt skipulag tekur til verða skilgreindar sex nýjar lóðir. Á tveimur þeirra standa raunar hús nú þegar. Eftir verða þá óbyggðar þrjár hefðbundnar fristundahúsalóðir og ein stærri lóð þar sem byggja má fleiri en eitt hús sem samtals mega ekki vera meira en 290 fermetrar. Nýju hús eiga að taka mið af umhverfinu og falla að annarri byggð í Flatey.

Tvær fjölskyldur búa í Flatey og þar eru nú ríflega þrjátíu fristundahús. Lítið mun vera um að þessi hús gangi kaupum og sölum. Heimir Sigurðsson, stjórnarmaður í Framfarafélagi Flateyjar, segir félagið sem slíkt ekki hafa tekið afstöðu til málsins.

„Mín persónulega skoðun er sú að þetta svæði sé upplagt til þess

Flatey á Breiðafirði



NÝJU LÓÐIRNAR Vestari hluti Flateyjar heitir Tröllendi. Þar við götuna sem liggur upp á eyjuna frá ferjuhöfninni verða leyfð nokkur ný sumarhús.

Við erum ekki enn búin að ákveða á hvaða hátt við komum lóðunum út; hvort það verður fyrstur kemur fyrstur fær eða hvort efnt verður til útboðs.

INGIBJÖRG BIRNA ERLINGSDÓTTIR
SVEITARSTJÓRI REYKHÓLAHREPPS



að byggja á. Þetta er fyrir utan þorpið og er bara til að styrkja þá byggð sem er fyrir í eyjunni dag,“ segir Heimir, sem aðspurður kveðst ekki hafa heyrt um andstöðu meðal þeirra húseigenda sem fyrir eru. „Nú veit ég ekki hverjir hafa áhuga á lóðum en gæti ímyndað mér að þeir sem eru í ferða-

mennsku hefðu áhuga á þessum húsum til þess að leigja út.“

Frestur til að gera athugasemdir við nýja skipulagið rennur út 4. nóvember. „Ég vona að þetta gangi fljótt fyrir sig og væntanlega klárast þetta á næsta ári,“ segir Ingibjörg sveitarstjóri.

gar@frettabladid.is

Rannsókn á farsímanotkun:

Eykur ekki hættu á krabba

LONDON, AP Samkvæmt nýrri rannsókn, sem er sú stærsta sem gerð hefur verið til að finna tengsl á milli farsímanotkunar og krabbameins, eru engar sannanir sem styðja við bakið á þeim vangaveltum. Rúmlega 350 þúsund manns tóku þátt í rannsókninni, sem danskir vísindamenn framkvæmdu í heimalandi sínu. Enginn munur var á fjölda tilfella krabbameina af nokkru tagi á milli þeirra sem notuðu farsíma í heilan áratug og þeirra sem gerðu það ekki. Til að mynda voru þátttakendur ekki líklegri til að fá krabbamein á þeim stað í heilanum sem er næstur þeim stað þar sem fólk heldur venjulega á farsímanum.

- fb

Ingibjörg Sólrún til UN Women:

Hefur störf hjá SP í Afganistan

FÓLK Gengið hefur verið frá ráðningu Ingibjörgu Sólrúnar Gísladóttur í starf yfirmanns UN Women í Afganistan. Ingibjörg Sólrún mun flytjast til Kabúl, höfuðborg Afganistan, um miðjan næsta mánuð.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Ingibjörgu Sólrúnu hefði verið boðið starfið en ráðning sem þessi væri tímafrek sökum pappírsvinnu. Nú hefur hún greint frá því að þeirri vinnu sé lokið.

UN Women er stofnun innan Sameinuðu þjóðanna (SP). Stofnunin vinnur í þágu kvenna og jafnréttis í þróunarlöndum og á stríðssvæðum.

- þeb



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Abdul-Jalil, leiðtogi Líbíu:

Líbía orðin frjálst ríki

LÍBÍA, AP Mustafa Abdul-Jalil, bráðabirgðaleiðtogi Líbíu, hefur lýst því yfir að landið sé orðið frjálst, átta mánuðum eftir að borgarastyrjöldin hófst. Fjórir dagar eru liðnir síðan Moammar Gaddafi, fyrrverandi leiðtogi landsins, var skotinn til bana. Abdul-Jalil hélt ræðu fyrir framán þúsundir stuðningsmanna og sagði að framvegis yrði farið eftir hinum íslömsku Sharia-lögum í landinu. Bætti hann við að lögin sem hefðu verið í gildi væru á skjön við kenningar íslam. Óskað hefur verið eftir rannsókn á því hvort Gadhafi hafi verið skotinn eftir að hann var handsamaður og líklega munu Sameinuðu þjóðirnar hafa umsjón með henni.

- fb

LANDSLIÐIÐ Í BRIDGE

Á brattann að sækja

Íslenska landsliðið í bridge átti á brattann að sækja á móti Hollandi í átta liða útsláttarkeppni HM í bridge í Hollandi í gær. Hollendingar eru taldir með eitt af bestu liðum mótsins og höfðu þeir gott forskot á Íslendinga í gær.



Kjörsókn var góð og biðraðir langar í kosningum í Túnis sem fóru fram í gær:

Fyrstu frjálssu kosningarnar

TÚNIS, AP Fyrstu frjálssu kosningarnar í Túnis fóru fram í gær og var kjörsóknin meiri en búist hafði verið við. Kosið var úr hópi 217 þingmanna um hverjir þeirra mynduðu nýja bráðabirgðaríkisstjórn og semdu í framhaldinu nýja stjórnarskrá fyrir landið.

Nú mánuðir eru liðnir síðan fyrrverandi forseta landsins, Zine El-Abidine Ben Ali, var steypt af stóli eftir mánaðarlöng mótmæli vegna atvinnuleysis, spillingar og harðstjórnar. Sú lýðræðisbylting dreifðist síðan til annarra arabalanda, svo sem Egyptalands og Líbíu. Þetta eru einmitt fyrstu kosningarnar sem fara fram í arabalöndum eftir byltinguna.

Sjö og hálf milljón Túnisbúa er á kosningaaldri en aðeins tæpar fjórar og hálf milljón á kjörskrá, eða undir sextíu prósentum landsmanna. Áttatíu stjórnmálaflokkar eru í framboði en talið er að flokkur íslamista, Ennhada, fái flest atkvæði. Biðraðir voru langar í gær en fólk lét það ekki á sig fá. „Þetta er sögulegur dagur, sem ber að gleðjast yfir og fagna. Þótt ég þurfi að bíða í sólahring eftir því að fá að kjósa vil ég fyrir enga muni missa af þessari frelsis-tilfinningu,“ sagði Touhami Sakouhi, fyrrverandi pólitískur fangi í Túnis, á kosningastað.

- fb



KOSNINGAR Abdelfattah Mourou, formaður Sjálfstæða demókratabandalagsins, greiðir atkvæði sitt í La Marsa, skammt frá höfuðborginni Túnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Náðu í Nova netsímamann á nova.is!



**0 kr.
Nova
í Nova
– nú líka í
tölvunni!**

Settu tólið í tölvuna og spjallaðu við vini þína!



netsíminn



0 kr. símtöl, myndsímtöl og spjall milli Nova netsíma



0 kr. símtöl og SMS úr Nova netsíma í Nova farsíma
100 mínútur og 50 SMS á mánuði fylgja!



Hægt að hringja í alla aðra farsíma og heimasíma
á Íslandi og í útlöndum

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GENGIÐ 21.10.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,55	116,11
Sterlingspund	182,53	183,41
Evra	158,89	159,77
Dönsk króna	21,337	21,461
Norsk króna	20,618	20,740
Sænsk króna	17,468	17,570
Japanskt jen	1,5061	1,5149

SDR 181,89 182,97

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

214,4146

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

4

Skeljungur hefur fengið samþykki til að vinna að skipulagi við nýbyggingu:

Reisa bensínstöð í landi kirkju

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur samþykkt að Skeljungur annist gerð deiliskipulags á lóð sem fyrir-tækið hefur tekið á leigu frá kirkjunni á jörðinni Melstað í Miðfirði. Skeljungur hyggst reisa 330 fermetra þjónustumiðstöð með bensínafgreiðslu, verslun og veitingasölu.

Melstaður í Miðfirði er prestsetur og kirkjustaður í Húnaþingi vestra. Kirkjuráð samþykkti á fundi í mars síðastliðnum að gengið yrði til samningaviðræðna við Skeljung. Ráðið staðfesti síðan

gerðan leigusamning á fundi sínum 3. ágúst, en vegna þess að hann er langtímasamningur þurfti kirkjuráðið að heimila hann.

Þess var einnig farið á leit að umhverfisstefna þjóðkirkjunnar yrði höfð að leiðarljósi við skipulag svæðisins, en Skeljungur óskaði eftir breytingu á bæði aðal- og deiliskipulagi við byggðarráð Húnaþings. Byggðarráð vísaði málinu til skipulags- og umhverfisstofna, sem lagði til að aðalskipulagi yrði breytt og unnið að deiliskipulagi. Sveitarstjórnin hefur síðan samþykkt þetta.



SKELJUNGUR Í ÖSKJUHLÍÐ Skeljungur hyggst reisa bensínstöð, verslun og veitingasölu í Miðfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skeljungur áætlað að um tíu til fimmtán störf geti skapast allt árið um kring við þjónustumiðstöðina, en að á sumrin muni allt að tuttugu manns vinna þar. - þeb

Gamall þýskur gervihnöttur: Féll til jarðar í Suðaustur-Asíu

BERLÍN, AP Gamall þýskur rannsóknargervihnöttur féll til jarðar einhvers staðar í Suðaustur-Asíu í gær, að sögn bandarískra vísindamanna. Allt samband hafði rofnast við hnöttinn ROSAT, sem var 2,4 tonn að þyngd og þaut í kringum jörðina á 90 mínútna fresti.

Búist var við að stærstur hluti gervihnattarinn myndi brenna upp á leiðinni til jarðar en hugsanlega myndu bítar úr honum falla til jarðar. Í síðasta mánuði féll gervihnöttur frá NASA í Kyrrahafið en olli engum skaða. - fb



Í SKÓLANUM Skólar í Kraganum koma best út í könnunarprófum sem lögð voru fyrir 10. bekkjum um allt land í síðasta mánuði. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Könnunarpróf í 10. bekkjum: Skólar í Kraganum koma best út

SKÓLAMÁL Skólar í nágrenni Reykjavíkur, Kraganum svokallaða, koma einna best út í samræmdum könnunarprófum sem lögð voru fyrir 10. bekkjum landsins í síðasta mánuði.

Í fyrstu niðurstöðum prófa, sem birtar voru í gær, kemur fram að nemendur þeirra skóla fengu 6,2 í meðaleinkunn í stærðfræði og 7,6 í ensku, sem bæði eru það hæsta á landinu, og 6,6 í íslensku, sem er jafnt skólum úr Reykjavík í efsta sæti.

Landsmeðaltöl í könnunarprófunum eru 6,5 í íslensku, 5,9 í stærðfræði og 7,3 í ensku. - þj

LEIÐRÉTT

Í frétt um mötuneyti í grunnskólum Reykjavíkur í blaðinu á laugardag sagði vegna mistaka í undirfyrirsögn að fá svör væru frá hjá borginni við gagnrýni matreiðslumanna. Upplysingafulltrúi borgarinnar var til svara auk þess sem von er á ítarlegri svörum frá skólasviði borgarinnar.

Helmingur fráskilinna getur ekki rætt saman um börnin

Tæpur helmingur fráskilinna foreldra í Danmörku sem dæmt hefur verið sameiginlegt forræði getur ekki komist að samkomulagi um neitt er varðar uppeldi barna, samkvæmt nýrri rannsókn.

DÓMSMÁL Helmingur fráskilinna foreldra sem dómstóll hefur dæmt sameiginlegt forræði getur ekki komið sér saman um neitt er varðar uppeldi barnanna. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var meðal danskra foreldra og Mai Heide Ottosen var í forsvari fyrir. Ottosen er sérfræðingur í skilnaðarrannsóknnum hjá Félagsvísindastofnun Danmerkur og var stödd hér á landi í vikunni. Hún hélt fyrirlestur á málþingi á mánudaginn um heimild dómara til að dæma sameiginlega forræði.

„Árið 2007 varð það að lögum í Danmörku að þegar foreldrar deildu um forræði barna, svo þeir þyrftu að fara fyrir dómara, væri það meginregla að dómara dæmdu þeim sameiginlega forræði – oft gegn vilja foreldranna. Þetta er auðvitað vandamál því þegar fólk fer fyrir dóm er það vegna þess að það getur ekki komið sér saman um neitt, og hvernig á þá að ganga að hafa sameiginlegt forræði?“ segir Ottosen. Hún fór því fyrir rannsókn á því hvernig þessi heimild dómara virkaði í raunveruleikanum. „Ég fékk upplýsingar um öll forræðismál ársins 2009. Þau voru um þrjú þúsund talsins. Svo hafði ég samband við um þúsund foreldra og spurði hvort þau vildu taka þátt í rannsókninni. Við tókum viðtal við þau stuttu eftir að dómur málum lauk og síðan aftur ári seinna svo hægt væri að sjá áhrif til lengri tíma.“

Drátt fyrir að meginreglan sé að dæma sameiginlega forræði hafa dómara heimild til að gera það ekki hafi þeir ástæður fyrir því, eins og þegar um misnotkun eða alvarleg vandamál er að ræða. „Niðurstöðurnar sýna að dómara dæma sameiginlega forræði í um helmingi tilvika.“

Foreldrar sem hafa sameiginlega forræði eiga að geta komist að samkomulagi um öll mikilvæg málefni er varða barnið. „Í rannsókninni spurðum við foreldra hvort þeir héldu að þeir gætu komið sér saman um svona hluti. Tæpur helmingur svaraði neitandi, aðallega vegna þess að þeir höfðu lítil sem engin samskipti sín á milli eða vissu að ekki yrði samkomulag.“



MAI HEIDE OTTOSEN Þegar dómstóll dæmir sameiginlegt forræði er það góð lausn fyrir minnihluta foreldra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Beðið eftir niðurstöðu rannsóknarinnar á Íslandi

Nefnd sem vann að gerð nýrra barnalaga lagði til að dómara á Íslandi fengju heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forræði. Frumvarp um barnalögin var lagt fram á Alþingi í vor en umræður voru ekki kláraðar. Í frumvarpinu sem lagt var fyrir var búið að fella ákæðid brott. Þá kom fram að brátt væri að vænta niðurstöðu Dana og hún yrði innlegg í umræðuna um næstu skref hér á landi.

Það var sama sagan þegar við spurðum hvort foreldrar gætu rætt hversdagslega hluti varðandi barnið, helmingurinn gat það ekki.“

Foreldrar sem höfðu sameiginlegt forræði gátu þó frekar unnið saman en foreldrar þar sem annað hafði forræði. Þar sem annað foreldrið hafði forræði var hlutfall þeirra sem ekki gátu unnið saman 75 til 80 prósent. Það stafaði aðallega af því að engin samskipti áttu sér stað. Litlar sem engar breytingar urðu á

samskiptum foreldra eftir því sem frá leið.

Til stendur að dönsku lögin verði endurskoðuð og munu rannsakendur hvetja stjórn-málamenn til að endurskoða lögin vel. „Ég var mjög gagnrýnin á þetta fyrirkomulag í byrjun. Eftir þessa rannsókn verð ég að viðurkenna að sumir foreldrar geta unnið saman jafnvel þótt þeir fari fyrir dómstóla. Þetta getur verið góð lausn fyrir þá foreldra, en það er minnihluta-hópur.“

thorunn@frettabladid.is

Nýtt teppi á stigaganginn – nú er tækifærið !!!!

Eitt verð - niðurkomið kr. 6.390 m²

Verðdæmi:
70 fermetra stigahús með 8 íbúðum
Heildarverð kr. 447.300
Endurg. VSK og meðal skattaafsl. (70.995)
Raunverð kr. 376.305
pr. íbúð aðeins 47.038

Komum á staðinn með prófum og mælum, ykkur að kostnaðar lausu

ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

VEÐURSPÁ




Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

KAFLASKIPT Í nótt og á morgun gengur úrkomusvæði yfir landið. Búast má við slyddu og síðar rigningu SA-til í kvöld og á morgun gengur úrkoman til vesturs, það dregur úr rigningu SA-lands er líður á daginn en um og eftir hádegi má búast við rigningu vestanlands.

Á MORGUN
Snýst í SA-átt er líður á daginn.

MÍÐVIKUDAGUR
3-8 m/s,
hvassara V-til.



HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	14°
Berlín	12°
Billund	11°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	14°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	26°
London	16°
Mallorca	23°
New York	18°
Orlando	25°
Ósló	8°
París	16°
San Francisco	22°
Stokkholmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TIL LEIGU

Lækjargata 2a
101 Reykjavík

Einstakt tækifæri á besta stað í bænum

- Fyrsta flokks staðsetning fyrir vandaða verslun og veitingahús
- 5 hæða bygging við Lækjargötu – 3 verslunarhæðir og 2 veislusalir (kjallari, jarðhæð 2., 3. og 4. hæð, samtals 1611 m²)
- Leigist sem heild eða í hæðum



www.reitir.is

REITIR

Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

KJÖRKASSINN



Tekur þú inn D-vítamín?

Já	47%
Nei	53%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Verður Manchester City
Englandsmeistari í vor?

Segðu þína skoðun á vísir.is



6

Vesturbæingar fjölmenntu á íbúafund um málefni umferðargötu:

Vilja betrubæta Hofsvallagötu

SKIPULAGSMÁL Draga þarf úr bílaumferð á Hofsvallagötu og bæta verulega aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þetta var meðal niðurstaðna íbúafundar sem Hverfisráð Vesturbæjar stóð fyrir á fimmtudag, en á hann mættu um 100 manns.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður Hverfisráðs Vesturbæjar, vonast til þess að hafist verði handa við breytingarnar næsta sumar. Þegar eigi fjármagn að vera tryggð til framkvæmdanna. „Á síðasta ári var komið fjármagn í ákveðnar framkvæmdir á Hofsvallagötunni,

sem við ákváðum að nota ekki þá, heldur fara fyrst í þetta samráðsferli. Við vildum fyrst búa til tillögur í samráði við íbúa, sem væri sátt um í hverfinu.“

Íbúafundurinn hafi verið upphafið að þessu samráðsferli. Næstu skref verði að ræða við hagsmunaaðila í hverfinu á borð við skóla, íþróttafélög og verslunareigendur. Gísli er bjartsýnn á að útkoman úr þessu samstarfi verði góð. „Það á að vera gaman að vera á Hofsvallagötunni og indæll göngutúr að labba meðfram henni. Þetta er hægt að gera með góðri hönnun.“ - hhs



HOFSVALLAGATA Rýrir að margra mati lífsgæðin í Vesturbæ Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Krabbameinsfélag Íslands:

Heldur bleikt boð í Hörpu

HEILBRIGÐISMÁL Krabbameinsfélag Íslands heldur Bleika boðið í Hörpu á fimmtudag. Boðið er haldið í tilefni af Bleiku slaufunni, átaki félagsins.

Þá verður einnig haldið bleikt boð í Hofi á Akureyri á miðvikudag. Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, segir að konur hafi sýnt ótrúlegan samtakamát í baráttunni gegn krabbameinum og með boðunum vilji félagið þakka þeim stuðninginn.

- þeb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Stútur ók á staur

Bifreið var ekið á ljósastaur í Borgarnesi aðfaranótt sunnudags. Ökumaður hennar var í annarlegu ástandi, af völdum áfengis, eiturlyfja eða hvoru tveggja. Hann var fluttur á sjúkrahús til aðhlýnningar. Bæði ljósastaurinn og bíllinn voru illa farnir eftir áreksturinn.

Ölvoð og réttindalaus

Kona á sextugsaldri var stöðvuð af lögreglunni í Vestmannaeyjum aðfaranótt sunnudags vegna skringilegs ökulags. Reyndist hún bæði ölvoð og réttindalaus. Sömu nótt hafði lögreglan í Vestmannaeyjum afskipti af ölluðum manni í bænum sem var til vandræða. Hann fékk að gista í fangaklefa og getur átt von á sekt fyrir óspektir á almannaferi.

Sökk í Sandgerðishöfn

Stálbatúrin Rán GK-91 sigldi inn í hliðina á trébatnum Söllu GK-97 í Sandgerðishöfn á sunnudag. Við það sökk Salka. Borið var við bilun í Rán. Unnið er að því að ná bátnum upp.

Piltur réðist á stúlkunni

Dyravörður á skemmtistað kom ungru stúlkunni til bjargar aðfaranótt sunnudags, eftir að piltur, fæddur árið 1993, hafði ráðist á hana í Austurstræti, með þeim afleiðingum meðal annars að hún skarst á olnboga. Pilturinn var vistaður í fangageymslu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Óttast að þúsund hafi farist í jarðskjálfta

Jarðskjálfti sem mældist 7,2 á Richter reið yfir í Austur-Tyrklandi í gær. Óttast er að þúsund manns hafi farist, en mikill fjöldi bygginga hrundi. Íslenska rústabjörgunarsveitin var meðal sveita sem voru á vöktunarstigi vegna skjálftans.

TYRKLAND, AP Óttast er að þúsund manns séu látnir eftir að öflugur jarðskjálfti reið yfir í austurhluta Tyrklands í gær. Skjálftinn var 7,2 á Richter og varð til þess að fjölmörg hús á svæðinu hrundu til grunna. Fjöldi fólks er alvarlega slasaður.

Skjálftinn reið yfir fyrir hádegi að íslenskum tíma og átti upptök um sautján kílómetrum frá borginni Van, mjög austarlega í landinu, að sögn Jarðvísindastofnunar Bandaríkjanna. Bærinn Ercis er sagður hafa orðið verst úti, en þar búa 75 þúsund manns. Þar eru í kringum átíttu byggingar sagðar hafa eyðilagst algjörlega. Fjöru tíu byggingar eru taldar hafa hrundi í Van. Lítið hafði frést í gær frá hinum fjölmörgu þorpum sem eru á jarðskjálftasvæðinu. Skjálftinn fannst einnig í Armeníu og Íran og olli skelfingu á svæðum nálægt tyrknesku landamærunum.

“Fólk þjáist, við heyrum ópin eftir hjálp. Við þurfum hjálp strax.”

VEYSEL KESER
BÆJARSTJÓRI Í CELEBIBAG

Tugþúsundir íbúa á svæðinu flúðu út á götur þegar jarðskjálftinn reið yfir. Fólk hófst strax handa við að grafa eftir fórnarlömbum með berum höndum og skóflum. Björgunarmenn vinna áfram að því að koma fólki út úr rústunum. Öflugir eftirskjálftar gerðu þeim þó erfitt fyrir fyrstu klukkustundirnar.

Tyrkneskir vísindamenn töldu strax að vegna stærðar skjálftans og þess hversu lélegar margar byggingar væru hefðu upp undir þúsund manns látist, þótt aðeins hefði verið staðfest að tæplega 100 hefðu látist. „Það eru svo margir dánir. Þó nokkrar byggingar hafa hrundi. Það er of mikil eyðilegging,“ sagði bæjarstjóri Ercis, Zulfikar Arapoglu, við fréttamenn í gær. „Við þurfum hjálp strax.“ Veyssel Keser, bæjarstjóri í Celebibag, sagði marga vera fasta í húsarústum þar enda hefðu heimavistir stúdentar og hótél verið meðal bygginga sem hrundu. „Fólk þjáist, við heyrum ópin eftir hjálp. Við þurfum hjálp strax.“

Fjölmörg tilboð um hjálp höfðu borist tyrkneskum stjórnvöldum í gær. Meðal þeirra sem buðu fram aðstoð voru Ísraelar, en samskipti ríkjanna hafa verið mjög stíð undanfarin misseri. Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði Bandaríkin standa við hlið Tyrkja á þessum erfiðu tímum og þau væru tilbúin að aðstoða yfirvöld.

thorunn@frettabladid.is



FÓLKI BJARGAÐ Margt fólk var fast í rústum í gær og heyrðust skelfingaróp frá því að sögn sjónarvotta.

NORDICPHOTOS/AFP

Rústabjörgunarsveitin á vöktunarstigi



ÓLAFUR LOFTSSON

Alþjóðabjörgunarsveit Landsbjargar var á vöktunarstigi í gær vegna jarðskjálftans. Ólafur Loftsson, einn stjórnenda sveitarinnar, sagði að fylgst væri vel með ástandinu. Sveitin væri í samskiptum við aðrar rústabjörgunarsveitir í gegnum vöktunarkerfi Sameinuðu þjóðanna. Vel yfir tuttugu sveitir höfðu skráð sig á vöktunarstigi í gær, sem þýðir að ef aðstoðar er óskað eru þær tilbúnar að fara strax á svæðið. Grunnforsenda fyrir því er þó að tyrknesk stjórnvöld óski eftir erlendra aðstoð, og eftir því sem tíminn líður minnka líkurnar á því.



HELSINKI Kjarnorkuráðstefna verður haldin í Finnlandi á næsta ári.

Kjarnorkuráðstefna haldin:

Finnar verða gestgjafar

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Finnar verða gestgjafar á ráðstefnu á næsta ári sem miðar að því að Mið-Austurlönd verði án kjarnorkuvopna og annarra gjör-eyðingarvopna.

Tillaga þess efnis var lögð fram af arabaríkjum hjá Sameinuðu þjóðunum í fyrria til að þrýsta á Ísraela að losa sig við kjarnorkuvopnaforða sinn. Ekki er vitað hversu stór hann er en sumir telja að þeir hafi yfir að ráða átíttu kjarnaoddum. Ísraelar hafa hingað til sagt að til að slíkt vopnabann yrði að veruleika þyrfti friður að ríkja á milli arabaríkja og Ísraela.

Tannlæknir

Hef hafið störf á Tannlæknastofunni Brostu, Hamraborg 5 í Kópavogi, sími 564 2660 og einnig á Tannlæknastofu Sólveigar, Hverfisgötu 105 í Reykjavík sími 562- 2464.

Verið velkomin.

Sunna Ingimundardóttir Tannlæknir



IDAN
fræðslusetur

Bílasalar

Undirbúningsnámskeið vegna prófs til leyfis sölu notaðra bifreiða verður haldið í Reykjavík 7.-23. nóvember 2011. ef næg þátttaka næst.

Umsóknarfrestur er til 3. nóvember 2011.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 590 6400 eða ragnar@idan.is og www.bilgrein.is

IDAN fræðslusetur
Skúlatúni 2 - 105 Reykjavík
www.idan.is - s. 590-6400

Prófnefnd bifreiðasala

**SÍÐASTI
SÉNS!**

LOKADAGUR!

**TAX
FREE**

DAGAR

*Fatnaður og skór
á alla fjölskylduna!*

Nú fer hver að verða síðastur.
TAX FREE dögum líkur í dag!

Þú færð allan dömu-, herra
og barnafatnað, undirföt,
sokka, sokkabuxur og skó án
virðisaukaskatts.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 24. október 2011.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

221 milljón manns veiktist af malaríu árið 2009 og 781 þúsund lét lífið:

Malaría er á hægu undanhaldi í heiminum

HEILBRIGÐISMÁL Umtalsverður árangur hefur náðst í baráttunni gegn malaríu á síðustu árum, að því er fram kemur í nýrri skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO).

Samkvæmt skýrslunni veiktust 225 milljón manns af malaríu árið 2009. Sama ár dró sjúkdómurinn 781 þúsund til dauða. Þótt þetta séu háar tölur hefur ástandið batnað töluvert frá árinu 2000, þegar 233 milljónir manna veiktust og 895 þúsund létu lífið af völdum malaríu. Þennan áratug hefur dauðsföllum því fækkað um 20 prósent. Verst er ástandið meðal barna í Afríkukjúm, þar sem eitt barn deyr af völdum malaríu á 45 sekúnda fresti.

Malaría herjar nú á fúa í 108 löndum en

20% færri dóu af völdum malaríu í heiminum árið 2009 en árið 2000.

SKÝRSLA ALÞJÓÐAHEILBRIGÐSSTOFNUNARINNAR

fari svo sem horfir mun takast að útrýma henni úr átta til tíu löndum fyrir árið 2016. Síðan 2007 hefur henni verið útrýmt í þremur löndum: Marokkó, Túrkménistan og Armeníu. Stofnunin þakkar þennan árangur því að fjárfraðslög til baráttunnar gegn malaríu hafa aldrei verið hærrí. Árið 2009 námu þau 1,5 milljörðum Bandaríkjadala og árið 2010 voru þau komin upp í 1,8 milljarða dala.



KONUR Í SÚÐAN Malaría hefur verið einn illviðráðanlegasti sjúkdómur heims.

NORDICPHOTOS/AFP

Kjaranefnd Félags eldri borgara mótmælir:

Of lítil lífeyrishaekkun

SAMFÉLAGSMÁL Kjaranefnd Félags eldri borgara í Reykjavík mótmælir því að lífeyrir aldraðra eigi aðeins að hækka um 3,5 prósent á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi, en verðbólga er áætluð 5,1 prósent. Í ályktun nefndarinnar segir að ASÍ hafi mótmælt þessu

og telji það brot á samkomulagi samtakanna og ríkisstjórnarinnar frá í vor. Þegar hafi verið farið á svig við samkomulagið með því að ákveða að lægstu bætur aldraðra skyldu aðeins hækka um 6,5 prósent 1. júní þegar lægstu laun hækkuðu um 10,3 prósent.

- ibs



FYLKING Á FUNDI Á landsfundi Samfylkingar um helgina var meðal annars kallað eftir hraðari úrvinnslu í endurskipulagningu skuldamála.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrvinnslu í skuldamálum verði hraðað

Jóhanna Sigurðardóttir kallaði á landsfundi eftir auknu eftirliti með fjármálafyrirtækjum og í ályktun var hvatt til hraðari endurskipulagningar skulda.

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði í stefnuræðu sinni á landsfundi flokksins í gær að verkefni Samfylkingarinnar væri að „sjá til þess að fjármálamarkaðurinn fái aldrei aftur eftirlitislítið veiðileyfi á landsmenn, þannig að heimil fólks, vinnustaðir þess og ævisparnaður verði veðsett upp í topp og allt lagt undir“.

Fjármálafyrirtækin voru einnig brýnd í stjórnsmálaályktun sem samþykkt var í lok landsfundarinnar, til þess að hraða endurskipulagningu skulda fyrirtækja og einstaklinga. Þau skyldu ekki nema staðar í þeim málum þrátt fyrir að rými til afskrifta væri talið fullnýt.

Í ályktuninni var einnig lögð mikil áhersla á að tillögum stjórnlagaráðs yrði fylgt eftir á Alþingi og ný stjórnarskrá lögð fyrir þjóðina í síðasta lagi samhliða þingkosningum árið 2013.

Þar segir jafnframt að meginverkefni stjórnsmála sé að tryggja atvinnu, velferð og jöfnuð. Lykilverkefni sé að ljúka viðræðum um aðild að ESB og gera áætlun um upptöku evru og málið verði síðan lagt í dóm þjóðarinnar.

Í ályktuninni er fyrirhuguðum breytingum á stefnu ESB í landbúnaði og sjávarútvegi fagnað og líklegt talið að þær muni aðvelda samningaviðræður Íslands og ESB í þessum málaflokkum.

Meðal annars sem kom fram í ályktuninni var áskorun um að hraða innleiðingu nýrrar húsnæðisstefnu sem miðaði að því að tryggja húsnæðisöryggi fjölskyldna með fjölbreyttari húsnæðisvalkostum. Meðal annars skyldi kanna hvernig best yrði staðið að stofnun húsaleigufélaga að norrænni fyrirmynd.

Þá skyldi velferðarkerfið endurskoðað þar sem bóta- og örorkukerfi yrði endurskoðað út frá getu einstaklinga til að snúa við þróun síðustu ára þar sem öryrkjum hefði fjölgað. Einnig yrði fæðingarorlof lengt í áföngum.

Landsfundurinn mæltist enn fremur til þess að sveitarstjórnarstigið yrði eftl og fjölmargir málaflokkar yrðu settir undir sveitarfélögin. Unnið yrði að flutningi málefna aldraðra og heilsugæslu, auk þess sem kannað yrði kostir þess að flytja framhaldsskóla frá ríki til sveitarfélaga.

thorgils@frettabladid.is

Forystukjör á landsfundi um helgina



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Á fundinum voru Jóhanna Sigurðardóttir formaður og Dagur B. Eggertsson varaformaður endurskipulagningu á mótframboða. Helena Þ. Karlsdóttir var kjörin ritari og Vilhjálmur Þorsteinsson gjaldkeri auk þess sem Margrét Björnsdóttir var kjörin formaður framkvæmdastjórnar flokksins. Fulltrúar í framkvæmdastjórn eru Margrét Sverrisdóttir, Guðrún Jóna Jónsdóttir, Bergvin Oddsson, Kristín Sævarsdóttir, Ásgeir Beinteinsson og Valdimar Guðmannsson.

cleanfix
- gólfþvottavélar
- ryksugur

- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍFRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR
Meiri Vísir.

Við ♥ lífrænt

♥ án rotvarnarefna ♥ enginn viðbættur sykur

MEGA FISKIVÍKA

Hjá Fiskikónginum vikuna 24. október til og með laugardeginum 29. október

Ýsa, lúða, þorskur, lax, fiskréttir, siginn fiskur ... allt í fiskborði á sama verði ...

1.390 kr.kg.

OPNUM KLUKKAN 08.00
LOKUM KLUKKAN 18.15

LAUGARDAGA 10.00-15.00



Mötuneyti ath.
Getum bætt við okkur nokkrum mötuneytum. Gerum verðtilboð.
Allar upplýsingar Kristján Fiskikóngur 896 0602
eða sendið e-mail kristjan@toppfiskur.is

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

AAA EINKUNN

HLJÓDLÁT 49 dB

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 99.900
SPARAÐU 40.000

AEG

F-45010WO uppþvottavél
Hljóðlát og vel búin uppþvottavél með sjálfvirkri aðalkerfi sem stýrir tíma, vatnsnotkun og hitastigi sjálfkrafa

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, sjálfvirk kerfi 45-70°C og 30 mín. 60°C hraðkerfi ásamt skulun
- ✓ Sveigjanleg innrétting sem hentar öllu uppvaski með niðurfellanlegum diskastöðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
- ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
- ✓ A/A/A toppeinkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun. Ath. án toppplötu.
- ✓ Verð áður kr 139.900

exquisit

TAE-630 Þurrkari
Þurrkari fyrir barka með rakaskynjara og 6 mismunandi þurrkerfum.

- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara. Stoppar þegar þvotturinn er orðinn þurr
- ✓ Sérkerfi fyrir viðkvæman fatnað og ull
- ✓ Krumpuvörn og niðurkæling á tauti
- ✓ Hljóðmerki í lok þurrs
- ✓ Tekur allt að 6 kg. af tauti
- ✓ Verð áður kr 69.900

RAKA-SKYNJARI

HLJÓÐ-MERKI

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 49.900
SPARAÐU 20.000

XXL 8 KG

KOLLAUS MÓTOR

TOPPMÓDEL

AAA EINKUNN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 99.900
SPARAÐU 50.000

Electrolux

EW-146310W Þvottavél
Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bílanátiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður uppá sveigjanlegan þvottatíma.

- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhraði
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ Tímaskjár
- ✓ Ofnæmisskolun möguleg
- ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Verð áður kr 124.900

DAEWOO NYTT

DWD-FD1442 Þvottavél
Ný byltingarkennd þvottavél með Direct Drive kola- og reimarlausum mótör, sem tryggir lengri endingu og hljóðlátari vinnslu.

- ✓ 8 kílóa hleðslugeta - allt að 60% meira pláss en í hefðbundinni þvottavél. Sömu utanmál.
- ✓ Hraðval og 30 mínútna hraðkerfi
- ✓ Tímaskjár og framstillt ræsing möguleg 1400 sn. vinduhraði með A einkunn
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Ofnæmisskolun og kerfi með krumpuvörn
- ✓ 3xA toppeinkunn fyrir orku, þvott og vindu.
- ✓ Fullt verð kr 149.900

1400 SNUNINGA

HRAD-VAL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 94.900
SPARAÐU 30.000

177 CM HÄR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 79.900
SPARAÐU 20.000

exquisit

KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur

- ✓ Stór 273 lítra kæli og 68 lítra frýstir
- ✓ 3 skúffur í frýsti
- ✓ HxBxD 177 x 55 x 60 cm
- ✓ Verð áður kr 99.900

143 CM HÄR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 54.900
SPARAÐU 20.000

exquisit

KGC-220/45 Kæli- og frystiskápur

- ✓ Góður 171 lítra kæli og 41 lítra frýstir
- ✓ Vönduð innrétting með glerhillum
- ✓ HxBxD 143 x 55 x 60 cm
- ✓ Verð áður kr 74.900

VERÐVAKT RAFHA

13 GERÐIR!

50% AFSLÁTTUR AF PÖNNUM

VERÐVAKTIN
Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!

13 gerðir af vönduðum pönnum með 50% afslátt!

- ✓ Í öllum gerðum og stærðum
- ✓ Grillpönnur, WOK pönnur, pönnukökupönnur, djúpar og grunnar pönnur með eða án loks, stórar og litlar
- ✓ 20, 24, 28, 30 cm breiðar
- ✓ Henta á allar gerðir af hellum, líka span
- ✓ Tvöföld viðlöðunarfrí höðun

exquisit

GS-190 Frystiskápur
155 lítra frystiskápur með 6 skúffum

- ✓ HxBxD 143 x 50 x 58 cm
- ✓ Verð áður kr 74.900

143 CM HÄR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 49.900
SPARAÐU 25.000

SPANHELLUBORÐ

Electrolux

AEG appliance

11 GERÐIR!

VERÐ FRÁ

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 89.925
25% AFSLÁTTUR

25%

AFSLÁTTUR AF SPANHELLUBORÐUM
Upplifðu einstaka kosti spansuðu. Allt að 50% tímasparnaður og töluverður orkusparnaður næst með spansuðu ásamt nákvæmari hitastýringu og meira öryggi.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 7.495
50% AFSLÁTTUR

1800W MÓTOR

TRISTAR

SZ-1910 Ryksuga
Góð 1800W hvít ryksuga

- ✓ Stillanlegt skaft og sogkraftur
- ✓ 2 lítra poki, 5m snúra, 1,5m barki
- ✓ Verð áður kr 14.900

13M VINNURÁDIUS

Electrolux

ZE-310 Ryksuga með 13 metra vinnuradius
Náðu lengra með þessari hugvitsamlega hönnuðu ryksugu. 1800W mótör og 330W sogkraftur. Hentar á öll gólf með parkethjúlum.

- ✓ Notar S-Bag örtrefjapoka
- ✓ Stillanlegur sogkraftur og skaft
- ✓ Öragnasía
- ✓ Verð áður kr 29.900

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is



1. Hvar verður stærsta keiluhöll landsins opnuð á næsta ári?
2. Hvar tóku forseti Íslands og eiginkona hans þátt í minningarathöfn á föstudag?
3. Hvaða lið var fyrst til að leggja Njarðvík að velli í körfubolta karla?

SVÖR:

1. í Egilshöll, 2. í New York 3. KR

Ákært fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir líkamsárás og fjárkúgun: Var bundinn, barinn og klipinn

DÓMSTÓLAR Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan karlmann fyrir líkamsárás, frelsissviptingu, fjárkúgun og vopnalagabrot. Annar maður á svipuðu reki er ákærður fyrir hlutdeild í frelsissviptingunni og vopnalagabrot. Báðir mennirnir neituðu sök við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær. Fyrirnefnda manningunum er gefið að sök að hafa að morgni sunnudagsins 31. október í fyrra slegið mann einu höggi aftan á hnakkann og skipað honum að setjast í stól í íbúð, sem þeir voru staddir í. Síðan hafi hann bundið hendur fórnarlambins fyrir

aftan bak og fætur við stólinn og svipt hann þannig frelsi sínu í um það bil eina klukkustund. Á meðan maðurinn var bundinn við stólinn kýldi árásarmaðurinn hann ítrekað í andlitið og kleip hann í litla fingur hægri handar með töng.

Hinum manningunum er gefið að sök að hafa staðið vörð um manninn í stólnum meðan félagi hans skrapp frá.

Sá sem batt manninn er einnig ákærður fyrir að hóta honum margsinnis líkamsmeiðingum og heimta 150 þúsund krónur, þar til hann lagði 50 þúsund krónur inn á



HÉRAÐSDÓMUR NORÐURLANDS EYSTRÁ Fórnarlambið krefst tæprar milljónar í skaðabætur.

reikning hans. Annar manninganna var með haglabýssu og sverð á heimili sínu en hinn þrjár kaststjörnur. - jss

Samviskufangar í Mjanmar: Föngum sleppt

MJANMAR Tæplega tvö hundruð föngum hefur verið veitt frelsi í Mjanmar í þessum mánuði.

Á meðal þeirra er verkalýðsfrömuðurinn Su Su Nway, sem átti að afplána átta og hálfis árs dóm fyrir að stilla upp skilti sem sýndi andstöðu hennar við stjórnvöld, en hún er félagi í Lýðræðishreyfingu Mjanmar, sem Aung San Suu Kyi stofnaði. Hún var handtekin í lok árs 2007.

Tveir aðrir þekktir fangar hafa verið leystir úr haldi, þeir Zarganar og Zaw Htet Ko Ko. Öll eru þau sögð hafa verið pyntuð í varðhaldinu. - þeb



ÖRÞRIFARÁÐ Leiðtogar ESB stefna að því að koma fram með heildarlaun á skuldavanda evrusvæðisins á fundi á miðvikudag. Um helgina var upplýst að bankar innan ESB þyrftu að auka eiginfjárlutfall sitt og afskrifa um helmingi skulda Grikklands.

NORDICPHOTOS/AFP

Bankar þurfa 16.000 milljarða

Ríki Evrópusambandsins funduðu um helgina um allsherjarlaun á skuldavanda evrusvæðisins. Þau munu kalla eftir hækkun eiginfjár bankanna og niðurfellingar á allt að helmingi skulda Grikklands.

BRUSSEL Bankar innan Evrópusambandsins munu þurfa að bæta eiginfjárstöðu sína verulega strax á næsta ári og þurfa því að afla sér rúmlega 100 milljarða evra, jafngildi um 16.000 milljarða íslenskra króna, á næstu mánuðum. Þetta er hluti af drögum að samkomulagi Evrópusambandsríkja um að ná tökum á skuldavanda aðildarríkja evrusvæðisins.

Bönkunum verður gert að hækka eiginfjárlutfall sitt úr fimm til sex prósentum upp í níu prósent. Til þess að ná því marki þurfa bankarnir annað hvort að auka hlutafé, selja eignir eða leita hjálpar hjá ríkisstjórnnum heimalanda sinna. Samkvæmt drögum munu eftirlitsstofnanir í hverju landi hafa það hlutverk að ganga úr skugga um að bankarnir grípi ekki til aðgerða eins og niðurskurðar í rekstri eða útlánun til að ná tilskildu eiginfjárlutfalli.

Leiðtogar Evrópusambandsins funduðu stíft um helgina, en þar var einnig reynt að ná samkomulagi við bankana um niðurfellingu skulda Grikklands. Samkvæmt úttekt sem gerð var á skuldastöðu Grikklands þyrfti að skera skuldir niður um allt að 60 prósentum, en talið er líklegt að samkomulagið, sem verður fullfrágengið á miðvikudag, feli í sér niðurfellingu á 40 til 50 prósentum skuldanna til að hlutfall

9% Verður lögbundið sem lágmark eiginfjárlutfalls banka verði tillögur ESB að veruleika.

skulda af landsframleiðslu komist niður í 110 prósent.

Hið þriðja og síðasta af stóru málunum er staða neyðarsjóðs Evrópu og hvernig á að beita honum. Enn eru skiptar skoðanir milli Frakklands og Þýskalands í þeim efnum, þar sem Frakkar höfðu bundið vonir við að sjóðurinn yrði nokkurs konar banki sem gæti sótt fjármuni í hirslur Seðlabanka Evrópu. Þjóðverjar segja þá leið hins vegar ekki gerlega án meiriháttar breytinga á lögum ESB. Þess í stað vilja þeir stækka sjóðinn sjálfan með öðrum hætti úr 440 milljörðum evra upp í allt að 1.000 milljörðum.

Þá eru þau ríki sem standa höllum fæti ekki talin líkleg til að samþykkja ný lög um bankana fyrr en styrking neyðarsjóðsins er orðin skýr, og ríkin gefi sannarlega leit að á náðir hans efti þörf krefur til að aðstoða bankana.

Úrslitastund verður í þessum efnum á miðvikudag, þegar leiðtogar Evrópusambandsins gengur frá heildarlaun á skuldavandanum. thorgils@frettabladid.is



- Lífið heil

+15%
afsláttur

Af öllum stærðum af
Nicotinell Fruit
Gildir út október



Lægra
verð
í Lyfju

www.lyfja.is

ISLENSKA SÁHJÓF BERSA 0011

Þú velur þann bílasamning sem hentar þér

Viðskiptavinir eiga að hafa val. Landsbankinn býður nú nýja óverðtryggða bílasamninga með föstum vöxtum og betri kjör á verðtryggðum og óverðtryggðum bílasamningum með breytilegum vöxtum.

8,95% Óverðtryggðir Fastir vextir

8,55% Óverðtryggðir Breytilegir vextir

7,80% Verðtryggðir Breytilegir vextir

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.

*Vildarkjör til Vörðufélaga og núverandi viðskiptavina Bíla- og tækjafjármögnunar.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Heimir & Kolla
vakna með þér í bitíð

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

BYLGJAN 25
ARA
989


VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Ítölsku Alparnir

Beint morgunflug með Icelandair til Verona

9 náttu ferð nýr valkostur!

Vinsælar gistingar að seljast upp.



Fararstjórn: Einar, Anna, Evert og Örn

**Þökkum
frábærar viðtökur!**

Flugáætlun:

- 19. janúar - **9 dagar**
- 28. janúar - **12 sæti laus**
- 4. febrúar - **11 sæti laus**
- 11. febrúar - **Uppselt!**
- 18. febrúar - **21 sæti laust**
- 25. febrúar - **Aukaferð**



Lilja Jónsdóttir er einn af ferða-
ráðgjöfum VITA og hefur áralanga
reynslu af sölu
skíðaferða.

Madonna di Campiglio



Hótel St. Hubertus 19. - 28. janúar ★★☆☆

Einn vinsælasti skíðastaður á Ítalíu. Þægilegar brekkur sem henta öllum!

Verð frá 157.900 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hótel St. Hubertus sem er þriggja stjörnu hótel á besta stað í Madonna.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 167.900 kr.

Val di Fiemme



Hótel Shandrani 19. - 28. janúar ★★★★★

Val di Fiemme - Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verð frá 185.100 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hótel Shandrani, sem er glæsilegt fjögurra stjörnu hótel með öllum þægindum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálf fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 195.100 kr.

Selva, Val Gardena



Hótel Olympia 19. - 28. janúar ★★☆☆

Selva, Val Gardena - Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúruvegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

Verð frá 221.400 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hótel Olympia, sem er staðsett í um 200 metra fjarlægð frá lyftum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 231.400 kr.



Við erum á

Suðurlandsbraut 2
Hilton Reykjavík Nordica



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

Eignarhald bankanna á fyrirtækjum skekkir samkeppnisstöðu.

Ójafn leikur

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að Arion banki hefði lagt Pennanum á Íslandi til 200 milljónir króna í nýtt eigið fé. Fyrirtækið er að öllu leyti í eigu bankans og var stofnað upp úr gamla Pennanum, sem fór í þrot. Á tveimur árum hefur félagið tapað meira en milljarði króna.

Bankinn telur sig nú hafa náð tókum á rekstrinum og ætlunin er að selja félagið í byrjun næsta árs, samkvæmt svörum sem Fréttablaðið fékk hjá Arion banka.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Eins og gefur að skilja eru keppinautar Pennans ekki sáttir við stöðuna. Í Fréttablaðinu á föstudag sagði eigandi húsgagnaverzlunarinnar Casa frá því að Penninn (sem flytur meðal annars inn skrifstofuhúsgögn) hefði verið að eltast við birgja sem árum saman hefðu verið í viðskiptum við Casa.

Framkvæmdastjóri Á. Guðmundsson, húsgagnaframleiðandi sem keppir við Pennann, segir í sama blaði að Penninn hafi lækkað hlutfallslega verð á húsgögnum. „Maður veltir því fyrir sér hver framlegðin er af slíkum viðskiptum og hvort hún skiptir kannski engu máli. Ef svo er þá skiptir afkoman heldur engu máli því það koma þá peningar frá bankanum ef vantar.“

Staðan á húsgagnamarkaðnum er því miður ekkert einsdæmi. Fjöldi fyrirtækja er enn í höndum bankanna, sem eðli málsins samkvæmt reyna í ýmsum tilfellum að halda þeim á floti, jafnvel með hlutfjárinnspýtingu eins og í tilvikum Pennans. Um leið streitast keppinautar við að standa í skilum með lán sín, jafnvel hjá sömu bönkum, en fá ekki sams konar aðstoð. Þetta er ójafn leikur.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir í Fréttablaðinu á föstudag að ástand eins og þetta geti verið verjanglegt til skamms tíma. „En að fyrirtæki sé enn í mjúkum faðmi bankanna þremur árum eftir hrun gengur ekki,“ segir hann.

Það er hverju orði sannara. Strax í október 2008, þegar í það stefndi að nýju bankarnir sætu uppi með fjölda ósjálfbjarga fyrirtækja, beindi Samkeppniseftirlitið tilmælum til bankanna, sem gengu meðal annars út á að reyna af fremsta megni að forðast að ákvarðanir þeirra hefðu samkeppnishamlandi áhrif. Annað lykilaatriði í tilmælunum var að „vinna hratt“. Draga má í efa að tekið hafi verið mark á því, nú þegar þrjú ár eru liðin og bankarnir sitja enn á öðru eins eignasafni og raun ber vitni.

Það er skiljanlegt að bankarnir vilji hámarka verðmæti fyrirtækja sem þeir hafa fengið í fangið. En tíminn sem þetta óeðlilega ástand hefur varað er í flestum tilvikum orðinn of langur. Samkeppniseftirlitið hlýtur nú að fara að láta til sín taka og þrýsta á bankana að selja fyrirtæki sem þeir hafa yfirtekið. Það er sjálf-sagður þáttur í því að koma aftur á eðlilegu ástandi í atvinnulífinu eftir hrun.

Fréttablaðið mun á næstunni fjalla ýtarlega um hlutdeild bankanna á hinum ýmsu samkeppnismörkuðum. Það er nauðsynlegt að beina kastljósinu að hinum „mjúka faðmi bankanna“.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871



Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is | Sími: 563 4000

FRÁ DEGI TIL DAGS

Samskipti 101

Fimmtungur forsvarsmanna aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins (SA) telur skort á ófaglærðu starfsfólki til mikilla vandræða. Sömu fyrirtæki hafa hins vegar aðeins tilkynnt Vinnumiðlun um að 137 störf séu laus. Fulltrúi SA sagði hér í Fréttablaðinu á föstudag að samskiptafyrirkomulagið væri ekki nógu lipurt og betra væri að hafa vinnumiðlun hjá aðilum vinnumarkaðar, vegna nálægðar við markaðinn. Nú má vel vera að bæta megi samskipti á milli aðila, en ef eitt af stærstu vandamálum SA má laga með fleiri símtölum og sendingum til Vinnuárástafnunar



þá er varla hægt að segja að fyrirtæki innan SA búi við stór vandamál.

Vesalings mennirnir

Alltaf er hægt að treysta á Brynjar Nielsson til að bera í bætiflaka fyrir þá sem gerast brotlegir við bann á vændiskaupum. Brynjar bregst ekki þeirri skyldu sinni, að verja þessa tegund lögbrota, í nýlegum pistli sínum. Þar agnúst hann út í lagabókstafinn og kallar það ofstæki að reyna að svæla hugsanlega lögbrota út úr fylgsnum sínum með blekkingum. Sérkennilegt viðhorf hjá lögmanni.

Heimabrukið

Trauðla kunna forsvarsmenn Vinstri grænna Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra miklar þakkar fyrir þau orð hennar á landsfundi Samfylkingarinnar að aðildarumsókn að ESB sé samstarfi við Vinstri græn að þakka. Jóhanna talaði þar til flokksmanna sinna en ljóst er að flokksmenn samstarfsflokksins hlustuðu grannt. Þó að yfirlýsingin sé efalaust hugsuð til heimabruks vekur hún upp þá spurningu hvers vegna Jóhanna taldi sig þurfa að minna Samfylkingarmenn á þetta? Er leiðin á samstarfinu orðinn slíkur að það var metið nauðsynlegt?



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Jafnrétti er lífsgæði

Jafnrétti



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra

Kynbundið ofbeldi og launamunur kynjanna eru þau svið jafnréttismála þar sem hvað mest er að vinna. Vissulega hefur grettistaki verið lyft. Með lögum hafa nektardansstaðir verið bannaðir, vændiskaup gerð refsiverð og úrræðum lögreglu til að fjarlægja ofbeldismenn af heimilum komið á fót. Ísland var eitt 11 ríkja sem í upphafi árs undirrituðu nýjan samning Evrópuráðsins gegn kynbundnu ofbeldi. Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi er í smíðum. Meirihluti aðgerða í áætlun gegn mansali hefur komið til framkvæmda.

Í fyrsta skipti í sögu okkar er starfandi sérstök ráðherranefnd um jafnrétti kynja. Á dögnum samþykkti hún að skipa framkvæmdanefnd um launamun kynja sem á að skila heildstæðri fjögurra ára áætlun um aðgerðir gegn kynbundnum launamun fyrir áramót. Hún er til marks um vilja ríkisstjórnarinnar til stóraukinnar sóknar gegn kynbundnum launamun.

Tímaritið Newsweek greindi nýverið frá því að hvergi væri betra að vera kona en á Íslandi. Fjöldamargar mælingar á stöðu jafnréttis í heiminum sýna sömu niðurstöðu. Þekktust er árleg skýrsla

Alþjóða efnahagsráðsins sem hefur skipað Íslandi í efsta sæti tvö ár í röð. Ráðið framkvæmir mælinguna í fullvissu um að staða jafnréttismála sé ein besta vísibendingin sem völ er á um almenn lífsgæði, þroska lýðræðis og samkeppnishæfni þjóða.

Í rannsóknarskýrslu Alþingis um bankahrunið voru leiddar líkur að því að fámennisklíkur karla í viðskiptum og stjórnámálum hefðu ýtt undir og magnað hrunið. Samtímis sýna rannsóknir að kynjajafnvægi við stjórn fyrirtækja leiðir til betri stjórnunar. Því hefur Alþingi samþykkt að gera fyrirtækjum og lífeyrissjóðum skylt að ekki minna en 40% stjórnna þeirra verði skipuð konum í september 2013. Þá sýnir nýleg samantekt Jafnréttisstofu að Stjórnarráðið hefur náð markmiði jafnréttislaga um að konur skipi a.m.k. 40% sæta í nefndum og ráðum á þess vegum.

Allt frá 1975 hefur 24. október verið íslenskum konum dagur samstöðu og linnulausrar baráttu fyrir jafnrétti kynja. Með því hafa þær fært þjóðinni þróttmeira samfélag, sterkara lýðræði og aukin lífsgæði. Til hamingju með daginn!

Vændismenn



Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
 rithöfundur

Vændi er mjög sérstök tegund af mannlegu samneyti. Þá greiðir ein manneskja annarri manneskju peninga fyrir einhvers konar atlot og aðgang að líkama þeirrar sem greiðsluna fær, og fer edli atlotanna og aðgangsins eftir því hversu há greiðslan er. Í sjálfum aðstæðunum er einhver innbyggð skekkja. Þessi samskipti eru í senn nán og ópersónuleg. Í tilvikum vændissalans eða seljunnar eru kynmökkin gerð klínísk, nándin sem þau kalla á alla jafna er fjarlægð og viðkomandi lítur á iðju sína eins og hverja aðra líkamlega þjónustu – eftir atvikum viðkvæma – á borð við þá sem hjúkrunarfólk veitir. Vændiskaupandinn sækist sennilega eftir þessum kulda: að eiga kost á líkamlegri nautn án þess að henni fylgi frekari tilfinningalegar skuldbindingar eins og tíðkast í raunveruleikanum þegar fólk sam-einar líkami sína; hann hefur greitt umsamda fjárhæð og þarf ekki að tengjast manneskjunninni frekar – raunverulegu manneskjunninni. Þetta verður eins og ferð á klósettíð.

Þetta eru skrýtin samskipti og niðurlægjandi, báðir aðilar afsala sér stolti, gleði og heilbrigðri sjálfmynd. Þetta er líkamlegt samneyti þar sem báðir aðilar fjarlægja tilfinningar og aðrar skuldbindingar. Þegar fundinum er lokið fer hvor sína leið, annar hefur selt hinum tiltekna þjónustu; svona eins og að skipta um dekk.

En þetta er ekki eins. Á dekkjaverkstæðinu er til dæmis ekki gert ráð fyrir snertingu. Þar er ekkert náð og engin blygðun – ekkert þínlegt. Þú ferð á dekkjaverkstæði, greiðir fyrir verkið, fylgist kannski með því – gætir jafnvel tekið upp á því að spjalla við þann sem skiptir um dekkið á meðan. Svona gæti meira að segja farið að þú laðist að dekkjaskiptaranum – og öfugt – þið fellduð hugi saman – og úr yrðu einhver frekari samskipti; meira samtal, augnagotur, bros, líkamstáknmál með flóknum gagnkvæmum skilaboðum um hrifningu, kaffihúsaspjall, koss, snerting, út að borða, og loks jafnvel hjásof sem væri þá einhvers konar endapunktur þessa ferlis og upphaf á nýju.

Vændissamskiptin hefjast á athöfnum sem okkar ímyndaða saga endar á. Þar er hlaupið yfir alla þessa nauðsynlegu liði ferlisins – stytt sér leið framhjá sjálfri hinni gagnkvæmu aðlöðun sem er höfuðforsenda alls í dekkjasögunni. Hinum líkamlega unaði er kippt úr sínu náttúrlega samhengi. Hann er firrtur, gerður klínískur.

Vændi snýst um kaup og sölu á snertingu. Hvar gerist við snertingu? Það verður svörin,

líkamleg og tilfinningaleg, sem verður ekki að skilið, sé allt með felldu, hjartsláttur, örvun, gæsaúð, o.s.frv. Hjá vændiskaupandanum er þörfin fyrir þá svörin orðin ofvaxin; hjá vændisseljandanum er hún horfin. Báðir aðilar eru sviptir einhverju mikilsverðu – einhverri mennsku, eiginlega mannréttindum, því að það eru mannréttindi að eiga kost á því að upplifa ást.

Við skulum almennt fara okkur hægt í því að fordæma annað fólk vegna kynhvata og kynhegðunar, beinist hún ekki að börnum eða snúist um nauðung. Þegar manneskjan er kynferðislega örvuð er hún alltaf svolítið spaugileg, hún er nakin í eiginlegum og óeiginlegum skilningi og nakin er manneskjan berskjölduð. Kynhegðun fólks er flókið samspil ótal þátta; ósjálfráð hegðun og skilyrt af ýmsu, vakin af frumhvöt og nátengd því innsta sem býr í hverri manneskju, kannski sjálfu fjöregginu. Sjálf kynhvötin spyr ekki um rétt og rangt, siðlegt og ósiðlegt, fallett eða ljótt. En hún er aldrei einráð þegar við tökum ákvarðanir um hegðun okkar og gerðir. Hún hefur sitt að segja, og örugglega meira en við gerum okkur grein fyrir, en svo koma önnur sjónarmið og alveg jafn djúprætt: virðing fyrir öðrum, sómakennnd, umhyggja, félagslegur þrýstingur og samfélagsleg viðhorf um hvað sé ásættanlegt. Okkur finnst sem félagsleg viðmið hafi breyst mikið í aldanna rás – en í raun og veru hefur mönnum alltaf fundist það rangt þegar einhver þröngvar annarri manneskju til samræðis sem kærir sig ekki um það, hvort sem sú nauðung er vakin af efnahag, bágum aðstæðum eða líkamlegri valdbeitingu.


Hópur kvenna hefur nú skorið upp herör gegn vændi og kennir sig við stóru systur. Þær birtust þarna allt í einu í kúflum í Iðni – w þetta var óvænt og ögrandi og einhvern veginn óþægilegt. Hópurinn setti að sögn inn auglýsingar á stefnumótasíður og uppskar ótal tilboð frá alls konar körlum sem gáfu símanúmer og netföng sem þær hafa nú afhent lögreglunni, enda hafi þar verið um vændistilboð og beiðni að ræða til stúlkna sem þessir karlar töldu allt niður í fimmtán ára gamlar. Þegar kynhvötin fær að leika lausum hala getur hún vissulega leitt okkur í alls konar ógöngur en sá sem ætlar sér að komast yfir fimmtán eða sextán ára vændiskonu er vissulega kominn á einhvern enn annan stað en þann sem hægt er að kenna við ógöngur. Hann er sneyddur dómgreind, hefur enga sómakennnd, er einhvers konar siðvillingur og hefur mjög rangsnúid viðhorf til kvenna, ætli hann sér að hagnýta sér fíkn og fákænsku stúlkubarna til að svala fýsnum sínum.

Það er full ástæða til að skjóta slíkum vændismönnum skelk í bringu.



Báðir aðilar eru sviptir einhverju mikilsverðu – einhverri mennsku, eiginlega mannréttindum...

Opið bréf til ráðherra



Kjaramál
Guðlaug Kristjánsdóttir
 formaður BHM

Á gætu Jóhanna, Steingrímur og Guðbjartur. Undanfarnar vikur og mánuði hef ég fyrir hönd Bandalags háskólanna (BHM) ítrekað reynt að ná fundi ykkar vegna málefnis sem brennur á félagsmönnum BHM.

Um er að ræða rétt þess hluta launafólks sem var í fæðingarorlofi mánuðina mars og/eða apríl á þessu ári og hefur ekki fengið greidda samningsbundna eingreiðslu upp á fimmtíu þúsund krónur.

Formleg, skrifleg ósk um fund var send til ykkar hinn 1. september síðastliðinn og enn er beðið svars við því bréfi. Ítrekaðar fyrirspurnir í síma og tölvupósti hafa og verið árangurslausar.

Umrædd eingreiðsla er umsamin kjarabót í nýgerðum samningum, en í allt er um tvær eingreiðslur að ræða. Sú seinni mun koma til greiðslu undir lok samnings og upphæð hennar er 38 þúsund krónur.

Félagsmenn BHM í ríkisþjónustu voru án kjarasamnings í 26 mánuði, frá apríl 2009 til júní 2011. Stéttarfélagin innan BHM lögðu fram kröfur um tafabætur vegna þess tímabils en slíkum umleitunum var alfarið neitað af hálfu samninganefndar ykkar. Við könnumst því alls ekki við að neinn hluti nýgerðs kjarasamnings sé hugsaður sem uppbót fyrir samningslausan tíma.

Að vanda, þrátt fyrir ítrekaðar óskir okkar bandalags um sértækar launaleiðréttingar til handa háskólamenntuðum, báru allar umsamar launabreytingar mjög keim af síðustu kjarasamningum Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins. Okkur hefur skilist að það hafi verið ykkar ósk, ágætu ráðherrar, að allir samningar skyldu vera sem líkastir. Niðurstaða okkar samninga varð því eins og kunnugt er samhljóða samningum ASÍ að miklu leyti og birtist hluti þeirrar einsleitni í fyrnefndri 50 þúsund króna eingreiðslu, en hún hefur í okkar tilfelli enga skirskotun til samningslauss tíma.

BHM sættir sig ekki við að þeir félagsmenn sem voru í fæðingarorlofi tiltekna tvo mánuði af þeim 26 sem samningsleysi þeirra varaði séu meðhöndlaðir öðruvísi en aðrir. Við höfum gert og ítrekum nú þá kröfu að þetta fólk njóti allra þeirra kjarabóta sem samningar kveða á um.

Almennt þykir okkur nóg um skerðingar á kjörum nýbakaðra foreldra um þessar mundir. Hámarksgreiðsla í fæðingarorlofi var lækkuð þrjú árin 2008 og 2009, um 180 þúsund

krónur alls og er nú 300 þúsund krónur. Eins og fram kemur í lítt kyntri skýrslu velferðar-ráðherra um fæðingar- og foreldraorlof sem lögð var fram á síðasta löggjafarþingi hefur sú ráðstöfun þegar haft áhrif á samvistir foreldra við nýfædd börn sín, sérlega hafa feður neitað sér um þær eftir þessar breytingar.

Fæðingarorlofssjóður sparaði á þessu ári rúman milljarð króna umfram áætlanir, þannig að ekki verður annað sagt en að ungar barnafjölskyldur hafi lagt sitt af mörkum til að rétta af ríkisreksturinn. Þó minnir mig að þessi hópur hafi átt að njóta sérstakrar verndar í niðurskurðinum.

Nýbakaðir foreldrar hafa ekki allir setið við sama borð hvað tédar 50 þúsund krónur áhrærir. Eingreiðslan náði nefnilega ekki bara til þeirra sem falla undir kjarasamninga á vinnumarkaði, heldur líka til lífeyrisþega og atvinnuleitenda.

Fólk sem var í fæðingarorlofi frá launaðri vinnu í mars og apríl sl. fékk ekki eingreiðslu, né heldur nýbakaðir foreldrar sem áður höfðu verið í virkri atvinnuleit og þegið greiðslur frá Vinnuálastofnun. Báðir þessir hópur þáðu orlofsgreiðslur frá Fæðingarorlofssjóði.

Þriðji hópurinn, öryrkjar á lífeyri frá Tryggingastofnun sem á tilgreindu tímabili þáðu fæðingarstyrk frá ríkissjóði fengu hins vegar 50 þúsund króna eingreiðslu. Skilyrðið fyrir henni mun hafa verið að hafa þegið eina krónu eða meira í lífeyri á tímabilinu mars, apríl eða maí 2011.

Hluti nýbakaðra foreldra fékk því þá 50 þúsund króna eingreiðslu sem samið var um á vinnumarkaði, að vísu bara sá hópur sem stendur utan hans.

Þess má og geta að eingreiðslan umrædda var á vinnumarkaði greidd í réttu hlutfalli við annað hvort starfshlutfall eða réttindi hjá Vinnuálastofnun, en sambærileg skerðing var ekki viðhöfð gagnvart lífeyrisþegum.

Mér reiknast svo til að miðað við fjölda fæddra barna árið 2011 sé hægt að áætla gróflaga að um 2.500 manns hafi verið í fæðingarorlofi síðla vors í ár. 50 þúsund króna eingreiðsla til þess hóps myndi kosta 125 milljónir eða þar um bil. Frá þeirri upphæð getur ríkissjóður dregið skatthlutann, enda hafa laun almennt þá tilhneigingu að skila sér að hluta til aftur til ríkisins.

Væri ekki rakið að leiðrétta þau mistök að hafa skilið nýbakaða foreldra á vinnumarkaði (annað hvort í starfi eða atvinnuleit) eftir óbætta hjá garði?

Kostnaðurinn við það yrði aldrei nema brot af því sem þetta fólk hefur þegar sparað ríkinu á formi minna álags á Fæðingarorlofssjóð.

Ég ítreka að lokum þá ósk okkar hjá BHM að fá að hitta ykkur og ræða þetta mál.

AF NETINU

Sic semper tyrannis (jæja, ekki alveg)

Dauðdagar fallinna harðstjóra eru einatt sóðalegir – þegar loks allir snúa baki við þeim. Því miður er ekki oft að haldin eru settleg réttarhöld yfir þeim.

Gaddafi var dreginn særður út úr röri þar sem hann var í felum og skotinn eins og hundur.

Ceausescu var settur fyrir skyndidómstól og skotinn ásamt konu sinni, ófreskjunn Elenu. Þau mótmæltu ákaft.

Saddam fékk að vísu sitt réttarhald – en svo var hann hengdur.

blog.eyjan.is/silfuregils

Egill Helgason

Hankook

Hankook vetrardekk tryggja gott grip allan veturinn við síbreytilegar íslenskar aðstæður.

Afgreiðslutímar á verkstæðum

Virka daga 8.00–18.00

Laugardaga 9.00–13:00

VAXTALAUST LÁN Í 6 MÁNUÐI

SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68–70 | Sími 544 5000
 Njarðvík, Fitjabraut 12 | Sími 421 1399
 Selfoss, Eyraarvegur 33 | Sími 482 2722

BARDINN

Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080

www.solning.is www.bardinn.is



64 KEVIN KLINE leikari er 64 ára í dag. „Ég er illa haldinn bæði af sektarkennd gyðingsins og skömm Írans og það er heimkil vinna að gera sér grein fyrir hvort er hvort.“

Merkisatburðir

- 1648** Þrjátíu ára stríðinu lýkur með undirritun friðarsamninga í Münster í Vestfalíu. Samningarnir fela meðal annars í sér viðurkenningu á sjálfstæði Sviss.
- 1944** Ein mesta björgun við Íslandstrendur, þegar 198 manns er bjargað af kanadíska tundurspillinum Skeena, sem ferst við Víðey. Með skipinu farast um fimmtán manns.
- 1945** Sameinuðu þjóðirnar verða til sem alþjóðasamtök.
- 1964** Norður-Ródesía fær sjálfstæði frá Bretlandi og verður Sambía.
- 1975** Kvennafriðdagurinn: Íslenskar konur leggja niður vinnu til þess að sýna fram á mikilvægi kvenna í atvinnulífinu.
- 1975** Sjónvarpsútsendingar í lit hefjast hjá Ríkisútvarpinu.
- 1987** Tvö af virtustu tónlistarblöðum í Bretlandi hafa Sykurmolana á forsiðinni og stuðlar það að því að plata þeirra selst í milljón eintökum.

Musica Nova endurvakin

Tónlistarhópurinn Jaðarber endurvekur mörg af eftirminnilegustu verkum sem kennd voru við tónlistarhópinn Musica Nova á ókeypis tónleikum sem haldnir verða á Kjarvalsstöðum miðvikudaginn 26. október klukkan 20.

Á tónleikunum verða endurspegladar þær hræringar sem áttu sér stað á 7. áratug síðustu aldar á Íslandi, en þá gerðist ýmislegt á afar skömmum tíma. Fyrstu hreyfingarnar í raðtækni, raftónlist, óákveðni

og gjörningabrellum litu dagsins ljós nánast samtímis á Íslandi.

Fjölmargir tónlistarmenn komu að Musica Nova, en á tónleikunum verður sjónum beint að verkum eftir Magnús Blöndal Jóhannsson, Atla Heimi Sveinsson, Leif Þórarinsson og verkinu Víxl eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Auk þess verða flutt verk eftir Nam June Paik og Yoko Ono.

Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Jaðarbers og Listasafns Reykjavíkur. - fsb



MUSICA NOVA Jaðarber endurvekur tónlist Musica Nova og flytur meðal annars verk eftir Atla Heimi Sveinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sýning um Kristínu lækni

Í sal Listasafns Ísafjarðar í Gamla sjúkrahúsinu má nú sjá sýningu um Kristínu Jónsdóttur lækni, sem starfaði á Ísafirði á árunum 1919-1931 ásamt manni sínum Vilmundi Jónssyni. Kristín var fyrsta konan til að stunda nám við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan sem lækni árið 1917.

Í salnum má einnig sjá gamlar ljósmyndir frá Ísafirði sem voru hluti af sýningunni Ísland í eina öld sem var sýnd í Gamla sjúkrahúsinu árið 2000.



FYRSTI KVENLÆKNIRINN Í SAFNAHÚSINU Á Ísafirði stendur yfir sýning um Kristínu Jónsdóttur lækni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

PETTA GERÐIST 24. OKTÓBER 1939

Gyðingar skulu bera Davíðsstjörnu

Ný tilskipun sem nasistar gáfu út í Þýskalandi hinn 24. október 1939 skyldaði alla gyðinga eldri en sex ára til að bera gula Davíðsstjörnu utan klæða til aðgreiningar frá arium. Síðar var bætt inn í tilskipunina að stjarnan skyldi merkt „Jude“ með svörtu lettri. Tilskipunin var birt í dagblaðinu Leslauer Bote daginn eftir og tók gildi þegar í stað þótt frestur væri gefinn til 1. desember til að framfylgja henni.

Tilskipunin gildi einnig á hernumdum svæðum Þjóðverja og var sögð hafa meðbyr í Póllandi, þar sem gyðingahatur væri algengt meðal almennings. Þar var fresturinn til að framfylgja skipuninni sums staðar stytur og þeir gyðingar sem sáuust án stjörunnar í Kraká eftir 18. nóvember 1939 voru handsamaðir en í Varsjá var fresturinn hins vegar lengdur til 12. desember.



MINNAST LISZT Karla-kór Hreppamanna stendur fyrir tónleikaröð í tilefni af 200 ára afmæli tónskáldsins Franz Liszt.

FRANZ LISZT 200 ÁRA: KARLAKÓR HREPPAMANNA MEÐ TÓNLEIKARÖÐ

Einn mesti píanósnillingur allra tíma heiðraður

Mér finnst þetta alveg frábært framtak hjá Hreppamönnum,“ segir Ágúst Ólafsson barítónsöngvari, sem syngur nokkur af sönglögum Liszt við undirleik Miklós Dalmay á tónleikum Karla-kórs Hreppamanna undir stjórn Edít Molnár í Salnum annað kvöld klukkan 20. Tónleikaröð Karla-kórs Hreppamanna í tilefni 200 ára afmælis Franz Liszt hófst reyndar á Flúðum á laugardaginn, á afmælisdegi ungverska snillingsins, og auk tónleikanna í Salnum verða tónleikar í Ráðhúsinu í Þorlákshöfn í dag klukkan 15 og í Selfosskirkju á miðvikudagskvöld klukkan 20.

Ágúst mun einnig syngja á tónleikunum í Selfosskirkju. Hann hefur ekki unnið með kórnum áður en segir æfingaferlið hafa verið mjög skemmtilegt. „Þessi lög eru náttúrulega samin af einum mesta píanósnillingi



ÁGÚST ÓLAFSSON BARÍTÓNSSÖNGVARI

allra tíma og hlutur Miklós er mjög stór í flutningnum. Hann er píanóleikari í fremstu röð og það hefur verið mjög gaman að vinna með honum í æfingaferlinu.“ Meðal laganna sem Ágúst syngur eru lög Liszt við þrjár sonnettur eftir ítalska skáldið Petrarca, lög sem ekki heyrast oft. „Þetta eru stór lög, mjög rómantísk ástarljóð. Að mínu áliti hefur Liszt þarna fundið akkúrat rétta efniviðinn til að vinna með og þessi ljóð draga fram það besta í Liszt sem sönglagaskáldi. Hann er ekki mjög þekktur fyrir sönglög en engu að síður er hann mjög mikilvægur hlekkur í þróuninni. Ég hef ekki

sungið mikið eftir hann, en hef í þessu ferli áttað mig á því hversu mikil áhrif hann hafði á þá ljóðasöngvaföndu sem á eftir komu eins og til dæmis Hugo Wolf. Þess vegna finnst mér líka þetta framtak Hreppamanna svo mikils virði. Liszt er tónskáld sem ekki er það mikið flutt í dag og þessi dagskrá er alveg stórglæsileg,“ segir Ágúst.

Stjórnandi Karla-kórs Hreppamanna, Edít Molnár, átti frumkvæðið að tónleikaröðinni og auk kórsins, Ágúst og Miklós Dalmay píanóleikara, kemur Unglingakór Selfosskirkju fram á tónleikunum. Þótt tónlistin sé í öndvegi er dagskráin líka í máli og myndum þar sem stiklað er á æviatriðum tónskáldsins. Arndís Björk Ásgeirsdóttir, dagskrárgerðarmaður á RÚV, sér um að segja þá sögu, auk þess að vera kynni á tónleikunum.

fridrikab@frettabladid.is

Hernaðarlist og valdaklækir í Háskólanum

„Hernaðarlist og valdaklækir? Er stjórnmálamenning samtímans tamari körlum en konum? nefnist málþing sem haldið verður í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands í hádeginu í dag. Á málþinginu verður rætt hvort ríkjandi stjórnmálamenning sé tamari körlum en konum. Spurt verður hvort stjórnmálamenningin hafi breyst með aukinni þátttöku kvenna. Ef ekki, hvað þarf þá til að stjórnmálamenningin svari gagnrýni Rannsóknarnefndarinnar með aukinni fagmennsku, málefnalegri rökræðum og breiðari samstöðu?

Stutt inngangserindi flytja Bergljót Þrastardóttir, MA-nemi í opinberri stjórnmála-

sýslu, og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Þær munu síðan rökræða efnivið við stjórnmálamenningu Guðmund Steingrímsson alþingismann, Óttarr Proppé borgarfulltrúa, Þórunni Sveinbjarnardóttur, fyrrverandi þingkonu, og Unni Brá Konráðsdóttur þingkonu. Fundarstjóri er Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræðum.

Fyrir málþinginu standa stjórnmálafræðideild HÍ og MARK, Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands og 15 ára afmæli námsbrautar í kynjafræði. Þingið hefst klukkan 12 og lýkur klukkan 13.30.



FRAMKVÆMDASTÝRA JAFNRÉTTISSTOFU Kristín Ástgeirsdóttir er önnur tveggja sem flytja inngangserindi á málþinginu í Háskólanum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



Muffin Pouffe er fyrsta verk ítalska hönnuðarins Matteo Bianchi sem hann kynnti á hönnunarsýningunni TENT í London á dögum. Kollurinn, sem er handgerður, er eftirmynd dýrindis bollaköku. Undir pullunni er geymslupláss.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457



Glæsilegar rennibrautir fyrir gler eða timburhurðir.

Útvegum lausnir fyrir skrifstofur og heimili. Glerskírúm, glerveggjakerfi, felliveggjakerfi, glersturtuskírúm og hert eða samlimt gler eftir máli.

Ennfremur ýmsar gerðir af festingum fyrir gler

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

Taulitun er sniðug leið til að flikka upp á upplituð föt segir textilhönnuðurinn Kristína Berman.



Þegar rétta litinn vantar

Það er hægt að lita öll náttúruleg efni eins og bómull, silki og ull en einnig nælon og viskós, sem eru hálfnáttúruleg,“ útskýrir Kristína Berman, búninga- og textilhönnuður. Hún segir einfalt að flikka upp á flikur sem farnar séu að dofna í lit en einnig að lita efni og garn sem eigi að nota í handverk. Þá sé gaman að lita efni í jóladúka og fleira fyrir heimilið.

FRAMHALD | 2

SCHELL

Snertifrí handlaugartæki frá SCHELL

Þýsk gæðavara



Verð frá 52.522

IOI
ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16 Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is



TILBOÐSDAGAR

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.


(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

20% AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

VALHÖLL, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900**.

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200

Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



Heklað utan um krukur heitir námskeið á vegum A4 sem verður haldið 17. nóvember næstkomandi. Þátttakendur koma með eigin krukku en fá garn og heklunál á staðnum. Heklað munstur utan um krukkurnar og úr verður dýrindis kertalugt fyrir myrkustu mánuði ársins. Sjá www.a4.is.

HOLLUR BITAFISKUR

+80% prótín

Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

Yndislegar dúnsængur og koddar úr 100% hvítum gæsadún



Skólavörðustíg 21a
Njálsgötumegin • S. 551 4050

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar



Góð stemning var meðal þeirra í Félagi húsbílaeigenda sem gistu við IKEA um síðustu helgi. Bílarnir sem voru yfir nótt voru 22 talsins, en aðalfundur félagsins var á laugardegnum í Hafnarfirði.

Gist við húsgagnaverslun

Félag húsbílaeigenda hélt haustfund sinn á laugardeg en kvöldið áður fjölmenntu félagar á grasflöt við bílapan IKEA, elduðu þar kjötsúpu, gistu um nóttina og borðuðu síðan morgunmat í versluninni.

Frá því um miðjan júní hefur grasflötin aftan við bílastæði IKEA verið opin fyrir húsbíla og hægt að leigja sér þar pláss yfir sólarhringinn. Húsbílafólk hefur talsvert nýtt sér aðstöðuna og um síðustu helgi tóku eigendur 22 húsbíla sig saman og dvöldu yfir nótt við IKEA, komu á föstudagskvöldi og fóru á laugardegshádeggi.

„Jú, við vorum 22 bílar í samfloti sem gistum við IKEA um síðustu helgi, en þá var aðalfundur hjá Félagi húsbílaeigenda. Við komum á föstudagskvöldi og vorum fram undir hádeggi á laugardeg en fundurinn sjálfur hófst þá – þannig að þetta var svona undanfari hans,“ segir Soffía G. Ólafsdóttir, formaður Félags húsbílaeigenda. „Ég veit að fólk utan af landi hefur talsvert

nýtt sér þessa aðstöðu þegar það hefur komið í bæinn og eins hefur fólk að sunnan sem býr í bænum farið þarna að kvöldi til og byrjað daginn í IKEA áður en það heldur kannski í ferðalag daginn eftir.“

Húsbílarnir komu víða að, sumir frá nálægum stöðum svo sem Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ og Hafnarfirði en aðrir frá Garði, Reykjanesbæ, Grindavík, Vogum, Selfossi, Borg í Grímsnesi og Akranesi. Talsvert rok og rigning var á föstudaginum en Soffía segir að það hafi ekki komið að sök.

„Hjón í hópnum buðu okkur upp á heita kjötsúpu sem hlýjaði okkur og það var mikil stemning. Um morguninn fórum við síðan í morgunmat í IKEA. Svo væri hægt að fara í hádegismat þess

vegna en við nýttum okkur það nú ekki. Salernisaðstaða er ekki við flötina en fólk getur nýtt sér salernið í versluninni meðan hún er opin. Í góðu veðri hefði verið hægt að fá sér góðan göngutúr að vötnunum sem eru þarna ofar og það er fallett þarna í hrauninu, það bíður betri tíma með vorinu,“ segir Soffía, en á laugardegnum fluttu félagarnir sig á tjaldstæðið á Víðistaðatúninu í Hafnarfirði.

Soffía segir meðlimum í Félagi húsbílaeigenda fara fjölgandi með hverju ári en núna eru skráð tæplega 700 húsbílanúmer og meðlimirnir eru í kringum 1.400 manns. Félagið stendur fyrir nokkrum ferðum yfir sumartímann og ferðafundur er haldinn í mars þar sem ferðir sumarsins eru kynntar. juliam@frettabladid.is



Hiti í bústaðinn



Ryðfríir neysluvatnshitara, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitara til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitara fyrir heita potta



Rafhitun

íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

Framhald af forsiðu

„Margir sem eru að vinna búta- saum eða þrjóna finna oft ekki akkúrat litinn sem vantar. Þá er sniðugt að geta litað sjálfur,“ bætir hún við og segir lítið mál að koma sér upp litunaraðstöðu í þvotta- húsinu heima. Sjálf litar Kristína á vinnustofu sinni í Skipholti 29 og kennir þar einnig námskeið í taulitun.

„Ég kenni meðal annars aðferðir sem nýta litinn til hins ýtrasta

og betur en leiðbeiningar utan á pakkningum sýna, þegar verið er að lita fót. Svo fer ég yfir aðferðir til að ná fram jöfnum lit í efni, hvernig á að flekkja og stjórna hvar flekkirnir verða og hvernig binda má upp munstur.“

Nánar má forvitnast um verk Kristínu og taulitunarnámskeiðin á Facebook-síðunni KRBERMAN og skrá sig með því að senda henni tölvupóst. heida@frettabladid.is



Gólfdukur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið

hjarta heimilisins



Svefnherbergið

þægilegt andrúmsloft



Forstofan

einfaldara verður það ekki



Stofan

alltaf jafn heimilislegt



Baðherbergið

hlýtt og mjúkt undir fæti

Forbo
FLOORING SYSTEMS

Heimilisdukur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfdukk og teppi

KIARAN
GÓLFBUNADUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510



Bogi Molby Pétursson lögg. fasteignasali
Finnþógi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson sölufulltrúi og lögg. leigumiðlari.
Tryggvi Kornellusson sölufulltrúi
Asdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð

Sími 530 6500

ÞINN hagur er okkar metnaður.

heimili@heimili.is

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



heimili
FASTEIGNASALA



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

audur@remax.is

Glæsilegt parhús

Fasteignasalan Torg hefur til sölu parhús við Lómasali í Kópavogi.

Húsið er rúmí 240 fm að stærð á tveimur hæðum. Gengið er inn á efri hæðina beint af götu. Þar er forstofa, gestasalerni, eldhús, borðstofa og stofa.

Gengið er inn í bílskúrinn að utanverðu og frá forstofunni.

Gengið er niður á neðri hæðina um steiptan voldugan stiga með stálhandrið. Á neðri hæð er sjónvarps-hol, salerni, þvottahús, hjónaherbergi og tvö barnaherbergi.

Eldhúsið er opið að hluta yfir í alrými hæðarinnar. Steingráar flísar eru á gólfi fyrir innan eyjuna og gegnheilt eikarparkett fyrir framan hana sem flæðir yfir í stofu og borðstofu. Innréttingar eru úr fallegri liggjandi eik með miklu skáplássu og hvítu granítborðplötu. Útgengi er frá eldhúsinu út á svalir sem liggja í vinkel fram fyrir stofuna, hringstigi er af svölunum niður á pallinn.

Borðstofa er opin yfir í stofuna. Borðstofan er stór og rúmar vel stórt borðstofuborð. Stofan blasir við þegar komið er inn í eignina frá forstofu og er opið að hluta yfir í hana bæði frá eldhúsi og borðstofu. Glæsilegt útsýni er frá stofunni yfir Kópavog, niður Hnóðraholt, yfir í Garðabæ og út á sjó. Útgengi er á svalir með glæsilegu útsýni út frá stofunni.



Glæsilegur garður með pöllum umlykur húsið.

Baðherbergið á neðri hæð er flísalagt í hólfi og gólf með ljósdrapplituðum flísum. Bæði er stór hlaðin sturta og baðkar á baðherberginu. Innréttingin er sérsmíðuð úr eik. Salernið er upphengt og vatnskassinn innbyggður.

Þvottahúsið er við hlið baðherbergisins og er útgengt úr því út á pallinn. Mjög góð innrétting er í rýminu með bæði efri og neðri skápum.

Hjónaherbergið er mjög rúmgott með gegnheilu eikarparketti á gólfi. Fataherbergi er inni af hjónaherberginu með góðri innréttingu og rennihurð.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Tröllateigur 32 - 270 Mosfellsbær

OPÍÐ HÚS

Glæsilegt 220,2 m² raðhús á tveimur hæðum við Tröllateig í Mosfellsbæ. Um er að ræða vel skipulagt og falllegt 188,1 m² raðhús ásamt 32,1 m² flísalögðum bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. Góð eign miðsvæðis í Mosfellsbæ. V. 49,9 m. 10089

Opíð hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Hrafshöfði - 270 Mosfellsbær

Mjög falleg 184,0 m² endaraðhús með rúmgóðum bílskúr við Hrafshöfða 1 í Mosfellsbæ. Vel skipulagt og falllegt endaraðhús, 4 svefnherbergi, stór stofa, stórt eldhús, baðherbergi m/kari, þvottahús og rúmgóður bílskúr.

Milliloft er yfir hluta hússins sem nýttist sem sjónvarpsstofa og vinnuherbergi.
V. 44,9 m. 10119

Reykjafliot - 270 Mosfellsdalur

184,1 m² einbýlishús ásamt 24,5 m² heilsárhúsi á 6.763 m² eignarlóð við Reykjafliot í Mosfellsdalnum. Einbýlishúsið skiptist í þrjú svefnherbergi, hjónaherbergi með sér baðherbergi, góða stofu, eldhús með borðstofu, baðherbergi m/baðkari, þvottahúsi og stórrí forstofu. Heilsárhúsið skiptist í eldhúskrók, stofu, baðherbergi m/sturtu og milliloft. V. 47,5 m. 10118



Álftamýri - 108 Reykjavík
72,3 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Álftamýri 52 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofu. Í kjallara er 4,4 m² sérgeymsla. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 16,9 m. 10116



Ásbraut 9 - 200 Kópavogur
103,4 m², 3-4ra herbergja íbúð á 1. hæð, ásamt 24,2 m² bílskúr við Ásbraut 9 í Kópavogi. Tvö svefnherbergi (þrjú á teikningu). Eignin er laus til afhendingar. V. 23,9 m. 10115



Viðjugerði 8 - 108 Reykjavík
Mjög falllegt 290 m² einbýlishús á 2 hæðum, með innb. bílskúr. Neðri hæð: forstofa, hol, 2 rúmgóð svefnh. (þrjú á teikningu), salerni, þvottahús og geymsla. 20 m² fullbúinn bílskúr. Efri hæð: 3 herb., hjónah. með baðh., baðh., eldhús, stofa og borðstofa. Glæsilegar innr. og gólfefni. Fallegur garður í sv. með timburverönd með heitum potti. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 69,9 m.



Kaplaskjólsvegur - 107 Reykjavík
Fallleg 61,2 m², 2ja. herbergja íbúð á 1. hæð við Kaplaskjólsveg 29 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 3,0 m² sérgeymsla í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 18,5 m. 10117

Stórikriki 46 - 270 Mosfellsbær

219,3 m² raðhús á tveimur hæðum, í byggingu, við Stórikrika 46 í Mosfellsbæ. Vel skipulagt samtals 219,3 fm raðhús á tveimur hæðum í byggingu í Mosfellsbænum. Íbúðarhlutinn er 192,3 fm og bílskúr 27 fm. Húsið sem er um það bil fókelt og lóð grófjenuð selst í núverandi ástandi. Þak er ófrágengið og hurðir og gler ekki full frágengið. V. 25,5 m

Tröllakór 4-10, íbúð 105 - 203 Kópavogi

Falleg 110,3 m², 4ra herbergja íbúð með sér inngangi á 1. hæð við Tröllakór 6-10 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Eigninni fylgir 8,9 m² sérgeymsla í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 24,0 m. 10112

Skerjabraut 9 - 170 Seltjarnnesi

Mjög falleg og mikið endurgerð 2-3ja herbergja, 50,3 m² nisibúð við Skerjabraut 9 á Seltjarnnesi. Góð staðsetning og falllegt útsýni. Áhvilandi eru ca. 9,9 milljónir í láni frá Íbúðalánasjóði með 4,9% vöxtum. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 16,9 m. 10057

Mosabrúinir 6 - 801 Selfoss

Fallegt fullbúíð 97,2 m² sumarhús við Mosabrúinir 6 í landi Úthlíðar í Bláskógabyggð. Húsið sem er afar vel innréttað er með góðri verönd. Bústaðurinn er laus til afhendingar strax og eru lykilar á Fasteignasölu Mosfellsbæjar. V. 19,5 m. 10124



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

535_1000

Aðalheiður Karlsdóttir
lögg. fasteignasali

Þorlákur Ómar Einarsson
sölustjóri

stakfell.is

Fax 535 1009

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk



Laugarásvegur - 104 Rvk

442 fm. eitt glæsilegasta einbýlishús landsins á frábærum stað miðsvæðis í borginni. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Fallegur gróin garður, timburverönd með heitum pottur. Fallegt útsýni yfir Laugardalinn. Allt tréverk er hið vandaðasta og í klassískum virðulegum stíl. Aukin lofthæð.



Nesbali - 170 Seltjn.

Sérlega vel skipulagt og skemmtilegt 279 fm. raðhús á þessum vinsæla stað á Seltjarnarnesinu. Ópið eldhús, bjartar stofur og 4-5 svefnherbergi. Góð lofthæð. Innbyggður bílskúr. Frábær staðsetning í grónu umhverfi. Stutt á golfvöllinn og fallegar gönguleiðir. Verð 59.8 millj

Vantar 3ja herb. íbúð í Salahverfi Kópavogi.

Höfum kaupanda af sérbylí í 101 eða 107.

Höfum kaupanda af 2ja og 3ja herb. íbúð í lyftuhúsi mið-svæðis í Rvk.

Vantar 3ja til 4ra herb íbúð í Fossvogi.



Hringbraut - 107 Rvk

Sjarmerandi 145,1 fm parhús á þremur hæðum á vinsælum stað í Vesturbænum. Sér inngangur, góðar stofur, 3-4 svefnherbergi, gróid umhverfi.



Rjúpufell 25

99.3 fm 4ra herb íbúð á 3. hæð. Baðh. flísalagt. Stofa parket. Yfirb. svalir. Sér geymsla í sameign. Verð 17.9 millj



Brekkustígur - 101 Rvk

Gamalt og uppgett 139 fm einbýli í miðbæ Reykjavíkur. Mikil endurnýjað. Eftir að standsetja kjallara. Verð 35 millj.



Gnoðavogur - 104 Rvk

Hugguleg 74,9 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Búið að endurnýja gólfefni, eldhús og baðherbergi. Verð 18.2 millj.



Brekkustígur - 101 Rvk.

Heil húseign í vesturbæ Reykjavíkur. Húsið er í slæmu ásigkomulagi og þarfnast verulegrar standsetningar. Laust til afhendingar strax. Möguleiki á nýbyggingu á lóðinni. Kaupverð áhvilandi í hagstæðu láni.



Ásakór 4 - 203 Kóp

Glæsileg 119,6 fm 4ra herb. íbúð á jarðhæð með sérinngang. Snyrtileg íbúð, granít borðplötu í eldhúsi, verönd og stæði í bílageymslu. Verð 26.9 millj.



Háaleitisbraut - 108 Rvk

Vel skipulagt og gott 150 fm. parhús, innst í botlanga. Góðar stofur, 3. svefnh. Innb. bílskúr, falleg og skjólsæl lóð. Einstök staðsetning. Verð 44.9 millj



Norðubakki - 220 Hfj

84,5 fm. glæsileg ný 2ja herb. íbúð á 4. hæð (efsta) í lyftuhúsi, ásamt sér stæði í bílageymslu. Íbúðin er til afhendingar fljótlega fullfrágengin án gólfefna. Fallegt sjávarútsýni. Verð 22.950.000



Eskihlíð - 105 Rvk

87,7 fm 4ra herb íbúð á 2. hæð í snyrtilegu 3ja hæða fjölbýli. Sér inngangur er í íbúðina. Verð kr. 23,9 millj.



Ásakór - 203 Kóp

140 fm 4ra herb. íbúð m/stæði í bílskýli. Stutt í fallegar náttúruperlur. Verð 28,6 millj.



Rofabær - 110 Rvk

92 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Sér inng. Þvottah. innan íbúðar. LAUS STRAX. Verð 18,7 millj.



Sólheimar - 104 Rvk

Vel skipulögð 88,5 fm 3ja herb. íbúð á 6. hæð. Ópið eldhús. 2. svalir. Einstakt útsýni. Verð 22.9 millj.



Álfhólsvegur - 200 Kóp

280 fm. fallegt einbýlishús á 2. hæðum með tvöföldum innb bílskúr. Búið að innrétta hluta bílskúrs sem íbúðarherb. Verð 55 millj.



Hrísateigur - 105 Rvk

167 fermetra efri séhæð ásamt bílskúr á frábærum stað. Eign með mikla möguleika. Stór endalóð með trjágróðri.



Njörvasund 104 - Rvk

3ja herb kjallara íbúð við Njörvasund í Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofu og geymslu. Laus strax. Verð 17,9 millj.



Huldubraut - 200 Kóp

258,7 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Snyrtileg eign með arin í stofu. Stór timburverönd á baklóð. LAUS STRAX. Verð 57 millj.



Naustabryggja - 110 Rvk

Glæsilegt 239,2 fm. endaraðhús. á besta stað. Hagstæð lán geta fylgt. Útsýni á Esjuna og sundin. Lækkað verð 55,9 millj.



Norðubakki - 220 Hfj

131,5 fm. glæsileg 3ja-4ra herb. endaíbúð sjávarmegin á 3. hæð í lyftuhúsi. 2 stæði í bílag. Þvottah. í íbúðinni. Fatah. innaf hjónah. Mikil útsýni m.a. yfir höfnina og víðar.



Engjasel - 109 Rvk

155.4 fm 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum, stæði í bílageymslu. Tilvalin eign fyrir laghenta. Eignin laus strax. Verð 23.9 millj.



Rauðavað - 110 Rvk

Einstaklega falleg 83,9 fm. 2ja herb. íbúð með sérinng. Stór sólverönd. Skipti á STÆRRI eign. Stæði í bílageymslu. Verð kr. 20.9 millj.



Seilugrandi - 107 Rvk

207,3 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 23.4 fm innb. bílsk. 3.sv.h., hægt að bæta við 1-2.til viðbótar. Stór verönd og gróin garður. Verð 69,5 m.



Lækjarhjalli - 200 Kóp

Vel staðsett og notaleg efri sérhæð og hluti af jarðhæð ásamt rúmgóðum bílskúr, samtals 220,5 fm. í suðurhlíðum Kópavogs. Tvær íbúðir, báðar með sérinngangi. LÆKKAÐ VERÐ: 44.800.000.



Barðaströnd - 170 Seltjn

Glæsilegt 239,2 fm raðhús. 5 svefnh. sjónvarpsh., stofa, borðst., eldhús, bað, gestas, þvottahús og bílskúr. Fallegur garður. Hiti í innkeyrslu. Verð 57,9 millj.



Vindás - 112 Rvk

Snyrtilega 3ja herb. 85,6 fm íbúð á 2. hæð. Sérstæði fylgir í lokuðu bílskýli. Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni. LAUS STRAX. Verð 18,5 millj.



Mánatún - 105 Rvk

Glæsileg 3ja herbergja íbúð með stæði í bílskýli miðsvæðis í Reykjavík Eignin er laus til afhendingar í desember. Aðeins 4 íbúðir eftir í húsinu.



Stakfell.is

535_1000



Tjarnargata - 4ra herb. efri hæð.



Glæsileg 100,3 fm. efri hæð í fallegu fjórþýli auk 15,7 fm. bílskúrs. Eldhús með nýlegum innréttingum. Bjartar og rúmgóðar stofur. 2 góð herbergi. Stigapallar með svölum útaf til austurs. Í kjallara er nýlega endurnýjað þvottaherbergi. **Verð 41,9 millj.**

Aratún - Garðabæ



Fallegt um 173,3 fm einbýlishús á einni hæð að meðt. 38,3 fm. bílskúr í grónu hverfi í Garðabænum. Aukin lofthæð í stofu og útsýni til sjávar. Sólskáli með armi. 3 herbergi (4 á teikn.). Ræktuð lóð með hellulagðri verönd og heitum potti. Gróðurhús á lóð. **Verð 42,9 millj.**

Hrólfsskálamelur - Seltjarnarnesi



**Glæsilegt fjölbýlishús.
Einstök staðsetning**

Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru afar vandaðar og er mikið lagt í hönnun, efnisval, búnað og frágang. Stærðir eru frá 84 fm. upp í 225 fm. og afhendast þær fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú bílastæði fylgja hverri íbúð.

Sölumenn Fasteignamarkaðarins sýna.
Sjá nánari skilýsingu á www.fastmark.is

**EINBÝLISHÚS TIL LEIGU
Í LAUGARDALNUM**

Stórglæsilegt u.þ.b. 350 fm. mikið endurnýjað einbýlishús til leigu

á frábærum útsýnisstað í Laugardalnum.

Eignin getur verið laus fljótlega og getur leigst með öllum húsgögnum.

Tilvalið fyrir sendiráð. Leigutími 1-2 ár.

Nánari uppl. veitir

Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali

2000 FM

**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI
ÓSKAST**

Erum með fjársterkan kaupanda að 2000 fermetra skrifstofuhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík.

Óska staðsetning er frá Borgartúni og vestur á Granda og helst þarf að vera um heila húseign að ræða.

SÉRBYLI

Fagrahæð - Garðabæ



Fallegt 219,0 fm. einbýlishús með innb. bílskúr á þessum eftirsóttá stað í Garðabæ. Eignin er með vönduðum innréttingum, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í loftum. Glæsilegt eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, sjónvarpsrími/vinnuástaða, 3 svefnherbergi og 2 baðeh. Útgengt úr stofum í garðskála með heitum potti. Gólfhitu að hluta. **Verð 69,0 millj.**

Melhæð - Garðabæ



Glæsilegt 202,5 fm. einbýlishús á einni hæð á þessum eftirsóttá stað. Eignin er innréttuð og smekklegan hátt. Samliggjandi bjartar stofur, sjónvarpsbol, og 4 rúmgóð herbergi. Nýtt gler í öllu húsinu og nýjar útihurðar og bílskúrshurð. Ræktuð lóð með miklum veröndum, skjólveggjum og heitum potti. **Verð 69,9 millj.**

Sólvallagata.



Fallegt og vel skipulagt 227,1 fm. einbýlishús á þremur hæðum á frábærum stað í Vesturbænum auk 34,8 fm. bílskúrs. Samliggjandi stórar stofur með fallegum rennihurðum á milli. Stórt hol með vinnuástöðu. 4 herb. Fallegur víðarstigi milli hæða. Mögulegt að nýta hluta kjallara sem sér íbúð. Afgirt skjólgóð baklóð með veröndum og heitum potti. **Verð 79,0 millj.**

Ögurás - Garðabæ



Glæsilegt 129,1 fm parhús að meðtöldum 26,2 fm bílskúr. Lofthæð í húsinu er að jafnaði um 3 metrar. Húsið er allt hið vandaðasta að innan hvað varðar efnisval í innréttingum og gólfefni. Lýsing og raflagnir eru í algjörum sérhlökki. Að utan er húsið klætt með viðhaldsfriðu áli og standandi eikarklæðningu, viðhaldsfriðu. Húsið stendur efst í hverfinu með stórkostlegu útsýni yfir sjóinn og fjallahringinn og gefur villt náttúran húsi og umhverfi fallegt yfirbragð.

Kirkjutorg.



Vefsíðan TMZ.com hefur birt kafla úr óútfinni ævisögu Dinu Lohan, sem er mamma bandarísku leikkonunnar Lindsay Lohan. Þar tjáir hún sig á opinskáan hátt um drykkjuvandræði dótturinnar, sem komst enn og aftur í kast við lögin fyrr í vikunni. Dina er ekki eini fjölskyldumeðlimur Lohan-fjölskyldunnar sem reynir að græða á ógæfu leikkonunnar því faðir hennar, Michael Lohan, hefur margoft komið í viðtöl og tjáð sig um vandræði stelpunnar; nú síðast hélt hann því fram að hún reykti krakk.

Engum dylst að Lindsay hefur átt í stökustu vandræðum með vímuefni og Dina fer ekki dult með hverjum er um að kenna. „Hún var í slæmum félagskap þar sem eitruð og áfengi voru daglegt brauð. Hegðun hennar særði mig djúpt,“ segir Dina í bókinni en hún

viðurkennir líka sjálf að kannski hafi hún gert mistök með því að senda Lohan eina til Hollywood á meðan hún sinni uppeldi henna barnanna sinna í New York „Ég fór að ráðum allra og leyfði henni að fara. Hvernig gat ég neitað henni um að upplifa sinn ædsta draum?“ Í bókinni ræðir Dina einnig þá miklu erfiðleika sem fylgi því að vera umboðsmaður dóttur sinnar og móðir á sama tíma. Lindsay mun næst mæta fyrir dómara hinn 2. nóvember en þá kemur í ljós hvort hún hafi rofið skilorð. Hún á þá yfir höfði sér átján mánaða fangelsisvist.



OPINSKÁ Dina Lohan þykir opinská í nýri bók um samband sitt og dóttur sinnar, Lindsay Lohan.

NORDICPHOTOS/GETTY

Búðin.is

1 ÁRS AFMÆLISVEISLA

Samsung D5000 LED


40" Listaverð 209.999

Verð 149.999

8.830 í 20 mán. á raðgr. | 26.132 í 6 mán. vaxtalaust

32" Listaverð 179.999

Verð 119.999



- 1920 x 1080 Full HD
- Clear Motion 100 Hz
- Ultra Clear Panel
- Allshare (DLNA) þráðlaus tenging

AFMÆLISVEISLAN HELDUR AFRAM

1 ÁRS AFMÆLISVEISLA

Samsung D5000 LED 40" Listaverð 209.999 Verð 149.999

Motorola Xoom 32GB 3G Listaverð 199.999 Verð 119.999

Nikon D5100 + 18-55 mm linsa Listaverð 129.999 Verð 129.999

Sony Playstation 3 160GB Listaverð 59.999 Verð 49.999

Saeco Syntia - stál Listaverð 159.999 Verð 129.999

Den Professional 24" LED Listaverð 74.999 Verð 44.999

Dell Ultrasharp 27" IPS Listaverð 319.999 Verð 249.999

HP Probook Listaverð 99.999 Verð 84.999

ThinkPad Edge 520 Listaverð 169.999 Verð 119.999

Sparaðu 60.000

Sparaðu 70.000

Sparaðu 30.000

Sparaðu 30.000

Sparaðu 35.000

Sparaðu 10.000

Sparaðu 30.000

Sparaðu 70.000

Sparaðu 15.000

Sparaðu 50.000

Lágt verð!

Hvernig greiði ég?

Afgreiðslutími

Þráttar?

Ábyrgð

Þægindi

Búðin.is er vefverslun. Þú finnur öll þessi frábæru tilboð á Búðin.is



GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON skoraði 9 mörk fyrir AG Kaupmannahöfn þegar danska liðið hélt áfram sigurgöngu sinni í Meistaradeild Evrópu í handbolta með því að vinna 31-29 sigur á franska liðinu Montpellier sem var einnig taplaust fyrir leikinn. Guðjón Valur var allt í öllu í fyrri hálfleiknum þar sem AG náði 21-12 forystu. Arnór Atlason gerði fjögur mörk fyrir AG og Snorri Steinn Guðjónsson var með eitt mark. Ólafur Stefánsson var ekki í leikmannahópi AG Kaupmannahafnar.

Cotton frá Snæfelli til Hamars: Sá stigahæsti látinn fara

KÖRFUBOLTI Brandon Cotton, stigahæsti leikmaður Iceland Express-deildar karla í körfubolta, var um helgina leystur undan samningi hjá Snæfelli þrátt fyrir að hafa skorað 35,3 stig að meðaltali í leik í vetur. Cotton var fengin til Snæfells sem leikstjórnandi en gaf aðeins 3 stoðsendingar samtals í þremur leikjum og var með 19,3 skot á hverja stoðsendingu. Cotton samdi strax við 1. deildarlið Hamars og lék sinn fyrsta leik með liðinu í gær. - 66j



MARGRÉT KARA KR-liðið hefur unnið fyrstu 3 leiki sína í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SEX MÖRK OG STÓRSIGUR Leikmenn Manchester City höfðu yfir nógu að fagna í Manchester-slagnum á Old Trafford í gær. Mario Balotelli var maður dagsins en hann spurði „Af hverju ég?“ þegar hann fagnaði fyrri marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KARFAN Í GÆR

Iceland Express kvenna

KR-Snæfell 79-72 (36-34)
Stíg KR: Reyana Colson 29, Sigrún Ámundadóttir 20 (10 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 16, Hafrún Hálfánardóttir 10, Bryndís Guðmundsdóttir 2, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 2.
Stíg Snæfells: Kieraah Marlow 23, Alda Leif Jónsdóttir 16, Hildur Sigurdardóttir 11 (6 stoðs.), Helga Hjördís Björgvinsdóttir 8, Hildur Björg Kjartansdóttir 6 (12 frák.), Rósa Indriðadóttir 4, Sara Mjöll Magnúsdóttir 4.

Lengjubikar karla

KFI-Grindavík 75-100 (33-46)
Stígahæstir: Ari Gylfason 29, Christopher Miller-Williams 12, Kristján Andrésson 11, Sigurður Orri Háffarsson 10 - Giordan Watson 18 (6 stoðs.), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 13, Jóhann Árni Ólafsson 13, J'Nathan Bullock 11 (8 frák./5 stoðs.), Björn Steinar Brynjólfsson 11, Páll Axel Vilbergsson 11, Ólafur Ólafsson 10.

Tindastóll-Stjarnan 69-87 (37-53)
Stígahæstir: Helgi Freyr Margeirsson 17, Maurice Miller 15, Þróstur Leó Jóhannsson 13, Trey Hampton 11 (11 frák.) - Jovan Zdravevski 25, Keith Cothran 19, Justin Shouse 15, Fannar Frey Helgason 12.

Hamar-Keflavík 83-98 (39-43)
Stígahæstir: Brandon Cotton 35, Terrence Worthy 15 - Charles Michael Parker 27, Steven Gerard Dagustino 25, Jarryd Cole 20, Magnús Þór Gunnarsson 16.

FLUGELDASÝNING Í BOÐI BALOTELLI OG MAN. CITY

Manchester City fór illa með nágranna sína og vann 6-1 stórsigur í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar í gær. United hefur ekki tapað stærra á Old Trafford í 56 ár.

FÓTBOLTI Manchester City sýndi styrk sinn í garði nágranna sinna í toppslag ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Það þarf að fara langt aftur til að finna aðra eins niðurlægingu og Englandsmestarar Manchester United fengu í þessum leik. Manchester City vann leikinn 6-1 og náði um leið fimm stiga forskoti á United á toppi deildarinnar. Þetta var fyrsta tap United á heimavelli í 37 leikjum en þar með er ekki öll sagan sögð. Þetta var líka versta tap Manchester United á Old Trafford síðan í febrúarmánuði 1955, fyrir 56 árum, og jafnframt í fyrsta sinn síðan 1930 sem United fær á sig sex mörk á Old Trafford.

Mario Balotelli var með afdrifaríka flugeldasýningu á heimili sínu rúmlega sólarhring fyrir leikinn en hann var svo sannarlega orlagavaldur United í flugeldasýningu City í þessum leik. Balotelli skoraði tvö fyrstu mörkin og fiskaði að auki Jonny Evans út af með rautt spjald í upphafi seinni hálfleiks en þá var staðan 1-0. „Það er erfitt að trúa þessum lokatölum ef við lítum á það hvernig fyrsti hálf tíminn spilaðist. Rauða spjaldið drap okkur,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United. „Þetta er versti dagurinn og versta tapið á mínum ferli. Ég held að ég hafi

aldrei tapað 6-1 á ævinni, ekki einu sinni þegar ég var leikmaður,“ sagði Sir Alex. „Við spilðum mjög vel en stigin þrjú eru að mínu mati mikilvægti en lokastaðan,“ sagði Roberto Mancini, stjóri Manchester City, sem var að stjórna City-liðinu í hundraðasta sinn. Mancini hefur staðið með Balotelli í gegnum öll vandræðin. „Ég vona fyrir hans hönd að sá dagur komi að Mario breyti hugsunarhætti sínum og átti sig á því að hann geti orðið einn af þeim bestu í heimi. Hann getur þá komist í hóp með mönnum eins og Lionel Messi og Cristiano Ronaldo,“ sagði Mancini. - 66j



DUROL BURSTAMOTTAN

5 ára ábyrgð

- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Heiðar Helguson og Aron Einar Gunnarsson skoruðu báðir í öðrum leiknum í röð: Heiðar hetja QPR á móti Chelsea

FÓTBOLTI Heiðar Helguson og Aron Einar Gunnarsson voru á skot-skónum með liðum sínum í enska boltanum um helgina og báðir voru þeir að skora í öðrum leiknum í röð. Heiðar skoraði eina markið úr óvæntum 1-0 sigri nýliða Queens Park Rangers á Chelsea í ensku úrvalsdeildinni en Aron Einar skoraði tvö mörk í 5-3 sigri Cardiff á Barnsley í ensku b-deildinni. Heiðar skoraði markið sitt úr víti sem hann fékk sjálfur á 10. mínútu en hann þurfti að sýna smá frekju þegar Adel Taarabt ætlaði að taka vítið. Þetta var ótrúlegur knattspyrnuleikur þar sem Chelsea-liðið faldi það mjög vel að vera níu á móti ellefu í 49 mínútur. Bosingwa var rekinn út af á 33. mínútu eftir að hann felldi Shaun Wright-Phillips sem var að sleppa í gegn og aðeins átta mínútum síðar voru Chelsea-menn orðnir tveimur mönnum færri



HEIÐAR HELGUSON Fagnar hér marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

eftir að Didier Drogba fékk beint rautt spjald fyrir tveggja fóta tæklingu. Bæði lið fengu síðan fín færi það sem eftir lifði leiksins og þar á meðal Heiðar Helguson, sem hefði nánast getað gulltryggt sigur QPR á 77. mínútu. QPR hélt út og fagnaði óvæntum sigri þökk sé Íslendingnum, sem skoraði líka í 1-1 jafntefli við Blackburn um síðustu helgi þegar hann var í byrjunarliðinu í fyrsta sinn á tímabilinu. Aron Einar skoraði fyrri markið sitt á 38. mínútu með skoti rétt utan teigs en hann kom þá Cardiff í 3-1 á móti Barnsley. Seinna mark hans kom á 71. mínútu af stuttu færi en hann kom Cardiff þá í 5-1. Þetta var í fyrsta sinn sem Aron Einar skorar tvö mörk í einum leik í ensku b-deildinni en hann hafði líka skoraði í síðasta leik Cardiff þegar liðið tapaði 3-4 á móti Peterborough á úti-veili. - 66j

ENSKI BOLTINN	
Enska úrvalsdeildin	
Wolves - Swansea	2-2
0-1 Danny Graham (23.), 0-2 Joe Allen (35.), 1-2 Kevin Doyle (84.), 2-2 Jamie O'Hara (86.)	
Aston Villa - West Brom	1-2
1-0 Darren Bent, víti (22.), 1-1 Jonas Olsson (45.), 1-2 Paul Scharer (57.)	
Bolton - Sunderland	0-2
0-1 Stéphane Sessegnon (82.), 0-2 Nicklas Bendtner (90.+3). Grétar Rafn Steinsson var ekki í leikmannahópi Bolton.	
Newcastle - Wigan	1-0
1-0 Johan Cabaye (81.)	
Arsenal - Stoke	3-1
1-0 Gervinho (27.), 1-1 Peter Crouch (34.), 2-1 Robin van Persie (73.), 3-1 Robin van Persie (82.)	
Fulham - Everton	1-3
0-1 Royston Drenthe (3.), 1-1 Bryan Ruiz (67.), 1-2 Louis Saha (90.+1), 1-3 Jack Rodwell (90.+3)	
Manchester United - Manchester City	1-6
0-1 Mario Balotelli (22.), 0-2 Mario Balotelli (60.), 0-3 Sergio Agüero (69.), 1-3 Darren Fletcher (80.), 1-4 Edin Dzeko (89.), 1-5 David Silva (90.+1), 1-6 Edin Dzeko (90.+3)	
Blackburn - Tottenham	1-2
0-1 Rafael van der Vaart (15.), 1-1 Mauro Formica (27.), 1-2 Rafael van der Vaart (53.)	
Queens Park Rangers - Chelsea	1-0
1-0 Heiðar Helguson, víti (10.)	



VEGAADSTOÐ SJÓVÁ



Bensínlaus, straumlaus, sprungið, tjónaskýrsla?

ÞÚ HRINGIR Í 440 2222 OG VEGAADSTOÐ SJÓVÁ BJARGAR MÁLUNUM

Sem viðskiptavinur í Stofni nýtur þú Vegaadstoðar Sjóvá án endurgjalds. **Kynntu þér stækkað þjónustusvæði Vegaadstoðar** á sjova.is.

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

Fáðu símanúmer
Vegaadstoðar sent
í símann þinn.



SJÓVÁ

STOFN

Það var nóg af metum á Extra-stórmóti SH í sundi í Ásvallalaug um helgina:

Eygló Ósk setti tvö glæsileg Íslandsmet

SUND Ægiringurinn Eygló Ósk Gústafsdóttir setti tvö Íslandsmet á Extra-stórmóti SH sem fór fram í hinni glæsilegu Ásvallalaug í Hafnarfirði um helgina. Alls féllu þrjú Íslandsmet á mótinu, öll í baksundi kvenna.

Eygló Ósk bætti sín eigin met í 100 og 200 metra baksundi. Hún synti 100 metra baksund á 1.01,92 mínútum á laugardaginn og bætti metið um 0,21 sekúndur. Eygló bætti síðan metið í 200 metra baksundi í gær 0,55 sekúndur þegar hún synti á 2.11,29 mínútum.



EYGLÓ ÓSK FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Ingibjörg Kristín Jónsdóttir úr SH bætti sitt eigið met í 50 metra baksundi á laugardag um 0,33 sekúndur þegar hún synti á 28,11 sekúndum en hún átti gamla metið.

Jón Margeir Sverrisson var líka í miklum ham á mótinu. Hann setti IPC heimsmet í 1.500 m skriðsundi í fötlunarflokki S14 þegar hann synti á 16.47,98 mínútum á laugardaginn en þá bætti hann einnig Íslandsmet sín í 400 og 800 metra skriðsundi. Jón Margeir bætti síðan aftur metið í 400 m skriðsundi í gær þegar hann synti á 4.19,47 mínútum. - 66j

Svekkjandi tap í Höllinni

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta er án stiga í riðli sínum í undankeppni EM 2012 eftir 20-21 tap á móti Úkraínu í Laugardalshöllinni. Íslensku stelpurnar komust fimm mörkum yfir í fyrri hálfleik en misstu leikinn frá sér í lokin.

HANDBOLTI Íslenska kvenna landsliðið í handknattleik tapaði í gær fyrir því úkraínska, 21-20, í undankeppni Evrópumótsins sem fram fer árið 2012, en leikurinn fór fram í Laugardalshöll.

Sóknarleikur liðsins varð þeim að falli í síðari hálfleik en þær íslensku leiddu leikinn 11-8 í hálfleik. Fátt gekk upp hjá stelpunum í síðari hálfleik og skutu þær oft á tíðum beint í markvörð andstæðingsins.

Liðið hefur því tapað fyrstu tveimur leikjum keppinnar, gegn Spánverjum og Úkraínu, og því er útlitið ekki bjart fyrir liðið. Raket Dögg Bragadóttir og Karen Knútsdóttir voru atkvæðamestarar í liði Íslands með fjögur mörk, en Viktoriya Borschenko gerði níu fyrir Úkraínu.

„Þetta eru mikil vonbrigði og að mínu mati voru við betri aðilinn í leiknum,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari íslenska landsliðsins í handknattleik, eftir tapið í gær.

„Sóknarleikurinn varð okkur að falli í dag og við förum oft mjög illa með fín færi. Einnig voru við virkilega slappar þegar við erum einum fleiri. Síðan fara stelpurnar illa með ákjósanlega leikstöðu þegar liðið nær yfirtölu og á aðeins eftir að stimpla sig í gegn.“

„Þetta var skelfilegur leikur hjá okkur og úrslitin algjör skandall,“ sagði Hrafnhildur Skúladóttir, leikmaður íslenska landsliðsins, eftir leikinn.



ENGIN VETTLINGATÖK Anna Úrsúla Guðmundsdóttir fær alvöru móttökur hjá varnarmanni úkraínska liðsins í Höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland-Úkraína 20-21 (11-8)

Mörk (skot): Karen Knútsdóttir 4 (7), Raket Dögg Bragadóttir 4 (11), Dagný Skúladóttir 3 (3), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3/1 (7/2), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 3/2 (8/3), Birna Berg Haraldsdóttir 2 (4), Sólveig Lára Kjærnsted 1 (2), Stella Sigurðardóttir (4).

Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 11 (32/3, 34%)
Hraðaupphlaupsörk: 3-7 (Hanna, Dagný, Sólveig).

„Það er ömurlegt að skora ekki nema 20 mörk í dag og allt of margir leikmenn sem ná sér

ekki á strik, þar á meðal ég sjálf. Þær mættu okkur mun framar í síðari hálfleiknum og við réðum ekki nægilega vel við það.“

Hrafnhildur Skúladóttir fékk vítakast þegar ein mínúta var eftir og gat jafnað leikinn, en Maryna Vlasenko, varamarkvörður Úkraínu, varði eitt af tveimur vítaköstum sínum í leiknum.

„Ef ég hefði drullast til að skora úr vítinu í lokin hefðum við sennilega farið heim með eitt stig,“ sagði Hrafnhildur sjálfsgagnrýnin að vanda. - 5áþ

Dóra María Lárusdóttir tryggði kvennalandsliðinu dýrmætan sigur í Ungverjalandi:

Hefði verið leiðinlegt að klúðra þessu færi

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið þurfti að hafa fyrir sigri í Ungverjalandi á laugardaginn í undankeppni EM 2013 en sigurmark Dóru Maríu Lárusdóttur sá til þess að stelpurnar okkar eru enn á réttri leið í baráttu sinni fyrir að koma inn á sitt annað Evrópumót í röð.

Ísland vann leikinn 1-0 og hefur þar með náð í 10 stig af 12 mögulegum í riðlinum.

„Við setjum svölitið pressuna á okkur sjálfar að ætla að skora snemma og vorum því orðnar örvæntingarfyllar of snemma. Það voru samt alveg tuttugu mínútur eftir þegar við skorudum en það var léttir að fá þetta mark. Við viljum halda okkur á toppnum í riðlinum og því skipti þetta sigurmark okkur miklu máli,“ sagði Dóra



María Lárusdóttir, en hún kom inn á í hálfleik og skoraði eina mark leiksins á 68. mínútu. Þá voru íslensku stelpurnar búnar að bíða eftir marki í 216 mínútur, allt frá því að þær skorudu þrjú mörk í fyrri hálfleik í sigri á Noregi.

„Ég held að það sé enginn sáttur við að byrja á bekknum en ég er þakklát fyrir þær mínútur sem ég fékk. Það er alltaf skemmtilegt að skora og ég held að ég sé bara sátt með minn leik,“ segir Dóra en hvaða skilaboð fékk hún frá landsliðsþjálfaranum Sigurði Ragnari Eyjólfssyni? „Siggi sendi

mig inn á til að breyta leiknum held ég,“ sagði Dóra María í léttum tón en hvernig var markið?

„Þetta var skalli sem markmaðurinn nær ekki að halda og missir hann aðeins frá sér. Ég er fyrst á staðinn og rétt næ að pota honum yfir línuna,“ sagði Dóra María, sem viðurkennir að leikmenn hafi verið farnir að hafa áhyggjur þegar langt var liðið og markið var ekki komið.

„Þetta verður þínu stress hjá okkur. Við fengum allar dauðafæri í Belgíuleiknum og fundum kannski fyrir pressu á að klára færin okkar. Það hefði verið leiðinlegt að klúðra þessu færi,“ sagði Dóra María, en hún fylgdi þá eftir skalla Margrét Láru Viðarsdóttur.

„Við fengum eitt til tvö fín færi en við náðum samt ekki að skapa okkur nógu mikið í þessum leik. Það er kannski eitthvað sem við þurfum að skoða. Þetta var ekkert alslæmt hjá okkur en við höfum oft spilað betur og þetta var ekki okkar besti leikur. Ég er nokkuð viss um það að við þurfum betri leik á móti Norður-Írunum því ég held að þær séu með sterkara lið,“ segir Dóra María, en Ísland mætir Norður-Írlandi í Belfast á miðvikudaginn. - 60j

Viltu Vinna 100.000 kr.?

AÐPREYINGARMARKAÐUR ELKO
PÚSL - SPIL - DVD - TÖLVULEIKIR

9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA

AÐALVINNINGUR
DVD - SPIL - PÚSL OG TÖLVULEIKIR
FYRIR 100.000 kr. Í ELKO

AUKAVINNINGUR
DVD - SPIL - PÚSL OG TÖLVULEIKIR
FYRIR 50.000 kr. Í ELKO

SENDU SMS ESJ MARK
Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG
SVARAR MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA
SMS SKEYTIÐ ESJ A. B EÐA C Á
NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

**GEGGJAFIR
AUKAVINNINGAR!**



*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 21. nóvember. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr./SMS-íð. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 20. nóvember 2011.





+ Stuðningur fyrir stoðkerfið

Margt getur haft áhrif á ástand beina okkar, s.s. erfðir, reykingar, áfengisneysla, hreyfingarleysi og skortur á kalki eða D-vítamíni úr fæðunni. Notkun ákveðinna lyfja getur einnig valdið beinþynningu.

Það er mikilvægt að huga að beinunum. Beinþynning er stundum kölluð „hinn þögli faraldur“ vegna þess að einkennin koma oft ekki í ljós fyrr en við beinbrot.

Lyfja Lág múla og Smáratorgi býður **20% afslátt** á beinþéttimælingum frá **24.-31. október**.

Mælingar fara fram í Lyfju Lág múla frá kl. 8-15 virka daga og í Lyfju Smáratorgi kl. 8-12 mánudaga til fimmtudaga.

Tilboðin hér að neðan gilda til **31. október**.

HAFKALK



+ 20% afsláttur

Náttúrulegur kalk- og steinefnagjafi sem unnin er úr kalkþörungum úr Arnarfirði. Styrkir brjós og bein og virðist draga úr liðverkjum vegna slitgigtar.

NICOTINELL FRUIT



+ 15% afsláttur

af öllum stærðum.

BIOMEGA



+ 20% afsláttur

Kalsíum og magnesíum eru lífsnauðsynleg steinefni fyrir fólk á öllum aldri. Þau stuðla að eðlilegri bein- og tannmyndun. D-vítamín eykur upptöku kalsíums í líkamanum.

SOLARAY



+ 20% afsláttur

Solaray hefur allt til að tryggja sterkari bein.

> Stöð 2 kl. 20.10
Glee

Glee hefur hlotið Golden Globe-verðlaunin undanfarin tvö ár sem bestu gaman- og tónlistarþættirnir. Þriðja þáttaröðin hefst í kvöld og það er nýtt skólaár að hefjast. Nýir meðlimir bæstast í Glee-sönghópinum en klappstýruþjálfarinn Sue Sylvester er með stærri áform.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ HLÓ

Aulafyndni allra tíma

Aulafyndni er vandmeðfarið fyrirbæri. Flestallir þekkja einhvern sem dælir út úr sér aulabröndurum, orðaleikjum og fátánlegum hugsunum. Stundum eru það menningarráttgjafar sem svo láta, stundum aðrir. Ef vel tekst til flissa áheyrendur, hrista höfuðið og reifa það hvernig hægt er að láta sér detta aðra eins vitlesu í hug. Þegar miður tekst upp getur komið upp vandræðaleg sena, nema aulagrínistinn sé með þeim mun þykari skráp.

Á laugardagskvöldið bauð Ríkisútvarpið upp á tvo dagskrárliði sem gengu út á aulafyndni og falla þeir í sinn hvorn flokkinn af þeim sem nefndir voru hér á undan. Seint verður sagt

að Kexvexmiðjan fái áhorfendur til að dást að orðkynngi og útsjónarsemi við að sjá myndu hlutina í tilverunni. Það er helst að hægt sé að dást að þrautseigju höfunda við að keyra áfram í fyrirsjáanlegri ófyndni.



Síðar um kvöldið mátti hins vegar berja klassíkina Airplane augum. Sá sem hér ritar sá þá mynd í Siglufjarðarbiói fyrir margt löngu og hló og hló. Þar er að finna legið af tímalausum bröndurum, sem margir hverjir falla undir aulafyndnina. Í tilfelli Airplane virkar hún hins vegar, enda aulafyndni allra tíma á ferð. Megi Ríkissjónvarpið sýna Airplane sem oftast. Mér er alvara og ekki kalla mig Shirley.

RÚV

- 14.40 Silfur Egils (e)
- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Húrra fyrir Kela (47:52)
- 17.43 Mærin Mæja (37:52)
- 17.51 Artúr (18:20)
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Doktor Ása (6:8) (Dr. Ása II)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurféttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Maður og jörð – Eyðimerkur - Lífið í ofninum (2:8) (Human Planet) Heimildamyndaflokkur frá BBC um samband manns og náttúru. Í hverjum þætti er sjón- um beint að einni tegund vistkerfa: hafinu, eyðimörkum, frumskógum, fjöllum og svo framvegis.
- 20.55 Stundin (2:6) (The Hour) Nýr breskur myndaflokkur um nýsnir í kalda stríðinu. Sagan gerist árið 1956 og aðalpersónur hennar eru fréttamenn hjá BBC.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurféttir
- 22.20 Íslenski boltinn
- 23.00 Réttur er settur (17:25) (Raising the Bar)
- 23.45 Kastljós (e)
- 00.05 Fréttir
- 00.15 Dagskrárlök

BÍÓ

- 07.35 Stuey
- 09.25 Waking Sleeping Beauty
- 10.50 Billy Madison
- 12.20 Race to Witch Mountain
- 14.00 Waking Sleeping Beauty
- 16.00 Billy Madison
- 18.00 Race to Witch Mountain
- 20.00 Stuey
- 22.00 The Science of Sleep
- 00.00 The Painted Veil
- 02.05 Drop Dead Sexy
- 04.00 The Science of Sleep
- 06.00 Prince of Persia: The Sands of Time

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (54:175)
- 10.15 Masterchef (1:13)
- 11.05 Mercy (9:22)
- 11.50 Wipeout USA
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (37:39)
- 13.45 American Idol (38:39)
- 14.25 Frasier (9:24)
- 14.50 ET Weekend
- 15.40 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (18:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm in the Middle (1:16)
- 19.45 The New Adventures of Old Christine (5:21)
- 20.10 Glee (1:22) Þriðja gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólánemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppni á landsvísi þrátt fyrir mikið mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue.
- 20.55 Covert Affairs (3:11) Ný og spennandi þáttaröð í anda Chuck um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA.
- 21.40 Big Love (8:9)
- 22.40 Twin Peaks (1:8)
- 00.10 Two and a Half Men (10:16)
- 00.30 Mike & Molly (6:24)
- 00.55 Chuck (5:24)
- 01.40 Terra Nova
- 02.25 Community (2:25)
- 02.50 The Memory Keeper's Daughter
- 04.15 Behind Enemy Lines: Colombia
- 05.45 The Simpsons (18:22)

SPORT

- 07.00 Spænski boltinn: Barcelona - Sevilla
- 17.00 Þýski handboltinn: RN Löwen - Göppingen
- 18.20 Evrópueldarmörkin
- 19.15 Spænski boltinn: Barcelona - Sevilla
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.55 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Genk
- 23.45 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu

SPORT 2

- 07.00 QPR - Chelsea
- 13.00 Bolton - Sunderland
- 14.45 Fulham - Everton
- 16.35 Sunnudagsmessan
- 17.50 Premier League Review 2011/12
- 18.45 PL Classic Matches: Man. United - Ipswich 1994
- 19.15 Arsenal - Stoke
- 21.00 Premier League Review 2011/12
- 22.00 Football League Show
- 22.30 Aston Villa - WBA

EXTRA

- 19.30 The Doctors (140:175)
- 20.10 Wonder Years (5:17)
- 20.35 Wonder Years (6:17)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Heimsendir (3:9)
- 22.35 The Killing (5:13)
- 23.25 Game of Thrones (10:10)
- 00.20 Dagvaktin
- 00.50 The New Adventures of Old Christine (5:21)
- 01.10 Wonder Years (5:17)
- 01.35 Wonder Years (6:17)
- 02.00 The Doctors (140:175)
- 02.45 Sjáðu
- 03.05 Fréttir Stöðvar 2
- 03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.10 Game Tívi (6:14) (e)
- 16.40 Rachael Ray
- 17.25 Dr. Phil
- 18.10 Life Unexpected (7:13) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (13:48)
- 19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ (8:22)
- 19.45 Will & Grace - OPIÐ (4:22) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (4:13) Illgjarni matreiðslumaðurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við. Veitingastaðurinn Grasshopper. Also fær yfirhalingu hjá Ramsey en honum reynist erfið að koma eigendum í skilning um einföldustu atriði í veitingahúsarekstri.
- 21.00 Parenthood (10:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn myndin, hjartnæm og dramatisk. Adam fær slæmar fréttir sem láta hann velkjast í vafa um framtíð sína í vinnunni og hjá fjölskyldunni.
- 21.45 CSI: New York (19:22)
- 22.35 Jimmy Kimmel
- 23.20 Law & Order: Special Victims Unit (6:24) (e)
- 00.05 United States of Tara (3:12) (e)
- 00.35 Outsourced (6:22) (e)
- 01.00 Kitchen Nightmares (4:13) (e)
- 01.45 Everybody Loves Raymond (8:22) (e)
- 02.05 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 08.10 Children's Miracle Classic (4:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.00 Golfing World
- 12.50 Children's Miracle Classic (4:4)
- 15.50 Ryder Cup Official Film 1997
- 18.00 Golfing World
- 18.50 Children's Miracle Classic (4:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 Champions Tour - Highlights (22:25)
- 23.45 ESPN America

N4

- 18.15 Að norðan
- 18.30 2 gestir

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunþáttur Rásar 1
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Stefnumót
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 12.50 Dánarfreginir
- 13.00 Hringsól
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Bak við stjómurmar
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Útvarpssagan: Hraunfólkið
- 15.25 Fólkið og fræði
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.20 Auglýsingar
- 18.21 Spjallinn
- 18.50 Veðurfreginir
- 18.53 Dánarfreginir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Kvika
- 21.10 Ópus
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfreginir
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Tónlistarklúbburinn
- 23.05 Glæta
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

- 10.25 EastEnders
- 10.55 Keeping Up Appearances
- 11.25 Fawley Towers
- 11.55 Allo, Allo!
- 12.25 Allo, Allo!
- 12.50 New Tricks
- 13.40 New Tricks
- 14.35 Keeping Up Appearances
- 15.05 Keeping Up Appearances
- 15.35 Allo, Allo!
- 16.00 Allo, Allo!
- 16.25 Fawley Towers
- 17.00 Fawley Towers
- 17.30 Dalziel and Pascoe
- 18.20 Dalziel and Pascoe
- 19.10 Top Gear
- 20.00 Live at the Apollo
- 20.45 QI
- 21.15 Stewart Lee's Comedy Vehicle
- 21.45 Skavian
- 22.40 The Graham Norton Show
- 23.25 Top Gear
- 00.15 Live at the Apollo

DR 1

- 10.50 Et riktigt cirkusliv
- 11.35 Käeft, trit og knus
- 12.05 Blod, sved og T-shirts
- 13.00 DR Update - nyheder og vejr
- 13.10 Himmelmblå
- 14.00 Kasper & Lise
- 14.15 Hubert
- 14.30 Peter Pedal
- 15.00 Hercule Poirot
- 15.50 DR Update - nyheder og vejr
- 16.00 Vores Liv
- 16.30 TV Avisen med Sport
- 17.00 Aftenshowet
- 18.00 Promotoren og hans boksere
- 19.00 TV Avisen
- 19.25 Horisont
- 19.50 SportNyt
- 20.00 Lewis
- 21.30 OBS
- 21.35 Blod, sved og T-shirts
- 04.00 Molly Monster
- 04.05 Chiro
- 04.10 Benjamin Bjørn
- 04.25 Humf

NRK 1

- 12.05 Norge rundt
- 12.30 Ut i naturen: Magasin
- 13.00 Nyheter
- 13.10 Dallas
- 14.00 Nyheter
- 14.10 Matador
- 15.00 Nyheter
- 15.10 Tingenes tilstand
- 15.40 Oddasat - nyheter på samisk
- 15.55 Nyheter på tegnspråk
- 16.00 Færkelvd
- 16.40 Distriktnyheter
- 17.00 Dagsrevyen
- 17.45 Puls
- 18.15 Gjønne fingre
- 18.45 Billedbrev
- 18.55 Distriktnyheter
- 19.00 Dagsrevyen 21
- 19.30 Schmokk
- 20.00 Hvem tror du at du er?
- 21.00 Kvelsdnytt
- 21.15 Taggart
- 22.25 Nytt på nytt
- 22.55 Viggo på lørdag

svt1

- 11.35 Från Lark Rise till Candleford
- 12.35 Sampo Lappell
- 14.00 Rapport
- 14.05 Gomorrón Sverige
- 14.55 Engelska Antikrundan
- 15.55 Sportnytt
- 16.00 Rapport
- 16.10 Regionala nyheter
- 16.15 Fråga doktorn
- 17.00 Kulturmysterierna
- 17.15 Regionala nyheter
- 17.30 Rapport
- 18.00 Barn till varje pris?
- 18.55 Flugor
- 19.00 Anno 1790
- 20.00 Ensamkommande flyktningbar
- 20.30 Skolfrent
- 21.00 Det stora beslutet
- 21.50 Starke man
- 22.20 Rapport
- 22.25 Damages
- 23.10 Rapport
- 23.15 Mad Dogs
- 00.00 Rapport
- 00.05 Musikresan

INN

- 20.00 Heilsupáttur Jóhönnu
- 20.30 Golf fyrir alla 2.
- 21.00 Frumkvöðlar
- 21.30 Eldhús lambans

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

Komin aftur!

TEMPUR® CLOUD

– heilsudýnan sem hefur slegið öll met hjá Tempur® –
Heilsudýnan sem styður svo vel við þig að þér finnst þú

svífa

Gerðu kröfur - TEMPUR® stenst þær!

20% kynningar-
afsláttur í október

Faxafeni 5, Reykjavík
Sími 588 8477 • www.betrabak.is

20 ára forysta í að endurvinnna, endurnýta, endurmeta, endurhugsa... færir okkur skrefinu frammar



Vegna villandi málflutnings um endurvinnslu úrgangs í Kastljósi 20. október sl. ítrekum við eftirfarandi staðreyndir:

1. Allur flokkaður úrgangur sem skilað er á endurvinnslustöðvar SORPU eða í grenndargáma fer í endurvinnsluferli. Þannig hefur það verið í 20 ár. Efnið er ýmist flutt út eða unnið og endurnýtt hér á landi.
2. Heildarmagn úrgangs minnkaði um 38% frá 2007 til 2009. Skoða verður fullyrðingar um minni urðun með það í huga.
3. SORPA vinnur stöðugt að nýjum aðferðum til að auka endurvinnslu og endurnýtingu. Þekkingaröflun og þróun lausna sem hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi er aðalsmerki SORPU bs. Fyrirtækið býr yfir bestu fagþekkingu og er eina fyrirtækið hér á landi á sviði úrgangsstjórnunar sem er ISO 9001 vottað.
4. Endurvinnsluferli SORPU hefur lengi aukið umhverfisvernd og skapað tekjur, íbúum og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu til hagsbóta með hagsmuni heildarinnar í huga. Stundargróði er ekki markmiðið.
5. Metanframleiðsla, lífræn endurvinnsla SORPU á hauggasi, sparar samfélaginu 1,5 milljón lítra af bensíni á þessu ári og minnkar útblástur gróðurhúsalofttegunda um 30 þúsund tonn af koltvísýringi. Hagkvæmari og betri endurvinnsla á lífrænum úrgangi fyrirfinnst ekki á landinu.

Fyrir hönd íbúa höfuðborgarsvæðisins hefur SORPA verið í forystu í 20 ár um ábyrga meðhöndlun úrgangs hér á landi. Gífurleg umbreyting í úrgangsmálum á ekki lengri tíma er árangur af þessari góðu samvinnu íbúanna og SORPU.

Starfsfólk SORPU vinnur með íbúunum og fagnar hverju skrefi sem færir okkur áfram í ábyrgri meðhöndlun úrgangs.

SORPA er byggðasamlag í eigu íbúanna á höfuðborgarsvæðinu.

sorpa.is



„Ég horfi reyndar rosa lítið á sjónvarp, finnst skemmtilegast að taka smá maraþon hér og þar. Síðasta maraþon var með L-Word, þáttum sem eru í miklu uppáhaldi. Ég bið líka spennit eftir næstu True Blood-seríu.“

Arndís Ey Eiríksdóttir, fatahönnuður.

Arnar Gunnlaugs á bak við Borgríki

„Mitt hlutverk var ósköp lítið, fyrirtæki mitt setti bara smá pening í myndina á lokaspjettinum þannig að hægt væri að klára hana og markaðssetja,“ segir knattspyrnukappinn og athafnamaðurinn Arnar Gunnlaugsson.

Hann er svokallaður „executive producer“ Borgríkis, kvikmyndarinnar sem sýnd er um þessar mundir í kvikmyndahúsum landsins og fengið hefur frábæra dóma víðast hvar. „Ég sá hana og var mjög hrifinn,“ segir Arnar, sem var staddur á Flórída í fríi þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Arnar hefur um árabíl verið einn frækasti knattspyrnumaður

landsins og lék í sumar stórt hlutverk með liði Fram sem bjargaði sér á ævintýralegan hátt frá falli í Pepsi-deild karla. Hann hóf hins vegar að horfa til sjónvarps- og kvikmyndagerðar fyrir skömmu þegar hann stofnaði framleiðslufyrirtæki með kvikmyndagerðarmanninum Gesti Val Svanssyni, en saman gerðu þeir sjónvarpsþáttaröðina Tríó. Arnar upplýsir að skrif á þáttaröð númer tvö standi nú yfir.

Knattspyrnukappinn viðurkennir að kvikmyndagerð og allt sem henni tengist sé mikið áhugamál hjá sér. Og hann sé að fikra sig áfram í þessum heimi. Frum-

raunin á hvíta tjaldu lofar að minnsta kosti góðu því á dögunum var tilkynnt að James Mangold hygðist leikstýra endurgerðinni í Bandaríkjunum. Arnar hafði reyndar ekki heyrt af því en sagði það afar gleðilegar fréttir. „Það er bara æðislegt.“

- fgg

ÓVÆNTUR STUÐNINGUR Arnar Gunnlaugsson er titlaður „executive producer“ kvikmyndarinnar Borgríkis sem sýnd er í íslenskum kvikmyndahúsum um þessar mundir. Hann var einnig maðurinn á bak við sjónvarpsþáttina Tríó.



Íslenskur fótbolta-leikur í farsímamann

„Þessi leikur hefur verið til í mörg ár, hefur verið spilaður í fjörutíu manna hópi. En það er fyrst núna að við ætlum að koma með hann fram í dagsljósið enda teljum við okkur þekkja vel það sem drifur þátttakendur áfram,“ segir Sigurður Jónsson, tölvufræðingur og framkvæmdastjóri tölvufyrirtækisins Digon Games.

Næsta haust setur fyrirtækið á markað tölvuleik sem hefur hlotið vinnuheit Club Manager. Guðni Bergsson, fyrrverandi fyrirlíði íslenska landsliðsins, er ráðgjafi við gerð leiksins, sem er í grunninn til knattspyrnuleikur þar sem menn skapa sitt eigið lið eins og margir þekkja úr tölvuleiknum Football Manager. Ólíkt honum, þar sem menn keppa aðallega við tölvur, etja menn kappi við aðra spilara í Club Manager. „Þannig að menn geta gert góð viðskipti þegar þeir eru að skiptast á leikmönnum,“ segir Sigurður, en leikurinn er hugsaður fyrir netið ásamt því að notendur geta spilað hann á símann sinn, gegnum Facebook og önnur samskiptaforrit. „Þetta á að vera ókeypis leikur þannig að þú átt ekki að geta keypt þér árangur fyrir raunverulegan pening eins og verið hefur um suma leiki á netinu.“

Sigurður segir að menn hafi tekið leikinn misalvarlega þegar



ÍSLENSKUR FÓTBOLTALEIKUR Digon Games setur á markað fótboltaleik næsta haust þar sem menn keppa innbyrðis í stjórna knattspyrnu. Guðni Bergsson kemur að gerð leiksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

hann var spilaður í hinum þrönga vinahópi, sumir hafi orðið mestu mátar en hjá öðrum hafi soðið upp úr og jafnvel legið við vinstlitum. „Einn tók við liði af öðrum og gat því ekki skipt um nafn. Þegar hann var búinn að spila leikinn í nokkurn tíma hafði hann pantað sér bílnúmer með nafni liðsins síns,“ segir Sigurður en rétt er að halda því til haga að allir leikmenn og deildir eru tilbúningur, annað væri fokdýrt réttindamál.

- fgg

INGVAR HELGASON: GAMAN ÞEGAR FÓLK FELLUR FYRIR FLÍKUM MANNS

Ostwald Helgason í Elle

Ingvar Helgason og hin þýska Susanne Oswald skipa hönnunartvíeykið Ostwald Helgason. Fyrsta skartgripalína merkisins hefur vakið nokkra athygli og bar leikkonan Emma Watson skart frá Ostwald Helgason á síðum nóvemberheftis breska Elle.

Skartgripalínan kom út fyrir stuttu og inniheldur fjögur stykki, þar á meðal hálsmen og eyrnalokka. Skartið er búið til úr silfri og nokkru sem á ensku kallast solid smoke og er búið til úr lofti og gleri og vegur nánast ekkert. Skartgripirnir voru á forsíðu sérstaks fylgihlutablaðs tískutímaritsins Elle og viðurkennir Ingvar að það sé þeim hvatning til að halda áfram skartgripagerðinni. „Okkur langaði bara að prufa að búa til nokkur stykki og sjá hvernig það gengi. Viðtökurnar hafa verið góðar og nú erum við að vinna aðra línu fyrir næstu haust- og vetrarlínu okkar,“ segir Ingvar.

Hönnun Ostwald Helgason virðist falla vel í kramið hjá tískuelítunni því ritstýra ástralska Harpers Bazaar var mynduð í peysu frá merkinu. „Það er vissulega skemmtilegt að vita af því að ritstýra tískutímaritsins hinum megin á hnettinum gangi í fötum frá okkur. Það er alltaf gaman þegar fólk fellur fyrir flíkum manns.“

Ingvar og Susanne tóku þátt í sölusýningu London Fashion Week í september og sýndu þar nýja vor- og sumarlínu sína. Línan er innblásin af ljósmyndum frá Kaliforníu sjötta áratugarins og vinnufatnaði og þykir sérstaklega klæðileg. „Sölusýningin gekk mjög vel og það er alltaf að bætast við kunnahópinn okkar. „Seasonið“ er bara rétt byrjað og við erum enn að taka við pöntunum en upphafið lofar góðu,“ segir Ingvar að lokum. sara@frettabladid.is



SLÆR Í GEGN Ingvar Helgason er helmingur tvíeykisins Ostwald Helgason. Fyrsta skartgripalína merkisins var á forsíðu fylgihlutablaðs breska Elle. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auðunn Blöndal á FM957

„Mér líst alveg hrikalega vel á þetta og hlakka mikið til, þetta er miðill sem ég hef aldrei unnið við,“ segir Auðunn Blöndal. Hann vendir kvæði sín í kross á ferli sínum þegar hann hefur störf sem stjórnandi nýs síðdegisþáttar á FM 957.

Þættirnir verða á dagskrá alla virka daga milli fjögur og sex en honum hafði ekki enn verið gefið nafn þegar Fréttablaðið ræddi við Auðun. Blökvaktin kom hins vegar sterklega til greina og var líklegur kandidát. Auðunn verður hins vegar ekki einn í hljóðverinu við Skaftahlíð því á hverjum degi verður einn gestastjórnandi. Sverrir Þór Sverrisson, Egill Einarsson, Björn Bragi og Steindi Jnr. munu gegna þeim hlutverkum og hefur þeim verið úthlutaður einn dagur í viku. Auðunn veit ekki alveg hvort það sé hægt að flokka hann sem FM-hnakka, segist sjálfur flakka mikið á milli stöðva og vera alæta á tónlist. „En ég þekki auðvitað strákana þarna.“

Auðunn reiknar fastlega með því að vera með opna línu þannig að hlustendur geta hringt inn og spjallað við hann. Spurdur hvort honum finnst þetta ekki skref niður á við, frá því að hafa verið nánast daglegur gestur á skjá landsmanna í tíu ár, að fara í útvarp segir hann það síður en svo. „Hefðirðu spurt mig fyrir fimm árum þá hefði mér örugglega þótt þetta skrytið en ég er ekkert að segja



Í NÝJU UMHVERFI Auðunn Blöndal hefur tekið að sér stjórn nýs síðdegisþáttar á FM 957. Einn gestastjórnandi verður með honum á hverjum degi en í þeim hópi verða meðal annars Sverrir Þór Sverrisson og Steindi Jnr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

skilið við sjónvarpið,“ segir Auðunn, sem undirbýr nú af krafti framhaldsþáttaröð af Atvinnuönnunum okkar og sjónvarpsþáttinn Asíska drauminn, en tókur á þeim báðum hefjast eftir áramót. - fgg



MEST LESNA
DAGBLAÐ Í ÍSLANDI*

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Meira en 80% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!



STEVEN SPIELBERG OG PETER JACKSON KYNNA



„Góður hasar og frábær húmor. Sjáið hana undir eins!“

- Tómas Valgeirsson, Kvikmyndir.is

„Gleðin ræður ríkjum og sjónræni þátturinn slær öllu við!“

- Jordan Mintzer, The Hollywood Reporter



„Stútfull af fjöri og hasar!“

- Ian Nathan, Empire!

„Töfrandi kvikmyndaafrek!“

- Mike Goodridge, ScreenDaily



ÆVINTÝRI TINNA

★ LEYNDARDÓMUR EINHYRNINGSINS ★

FRUMSÝND 28. OKTÓBER UM ALLT LAND Í 3D

FORSÝND
ALLA VIKUNA

MÍÐASALA HAFIN
Á SAMBÍÓ.IS
OG MÍÐI.IS

Forsýningar vikunnar

Laugarásbíó þriðjudaginn 25. okt kl. 20:00
Háskólabíó miðvikudaginn 26. okt kl. 20:00
Egilshöll miðvikudaginn 26. okt kl. 22:30

Smárabíó fimmtudaginn 27. okt kl. 20:00
Borgarabíó Akureyri fimmtudaginn 27. okt kl. 20:00
Sambíó Álfabakki fimmtudaginn 27. okt kl. 22:00
Sambíó Keflavík fimmtudaginn 27. okt kl. 22:00



ÁLFABAKKA - KEFLAVÍK - SELFOSS





Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMREÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hallgrímur hlaðinn lofi

Ný skáldsaga **Hallgríms Helgasonar**, Konan við 1000°, kemur út á morgun. Mánuður er liðinn síðan bókin kom út í Þýskalandi og þar í landi hefur hún fengið mjög góðar viðtökur. Hún situr í 36. sæti met-söluhlusta Spiegel og gagnrýnendur hafa keppt við að hlaða bókina lofi. „Ekki hægt að loka þessari bók,“ segir í dómi Der Spiegel og Kristian Thees hjá SWR3 Radio



kallar hana hiklaust bók ársins. Þá skrifar Rainer Moritz í Stuttgarter Zeitung og vitnar í bók Hallgríms: „Þá virðist það gilda með rithöfunda að því meira óspennandi sem verk þeirra eru, því meira spennandi er einkalífið.“ Og klykkir síðan út með: „Sé þetta rétt hlýtur einkalíf Hallgríms Helgasonar að vera algjör eyðimörk.“

Í frí til Bandaríkjanna

Fríðrik Dór Jónsson tónlistarmaður hefur haft nóg að gera undanfarið. Nú hefur hann hins vegar tekið sér tímabundið frí frá vinnunni því hann er á leið til Bandaríkjanna í dag ásamt tveimur vinum. Hann mun eyða næstu dögum í San Fransisco, í heimsókn hjá knattspyrnumanninum Grími Birni Grímssyni, sem spilar og stundar nám þar. Í borginni hitta þeir svo fyrir annan vin sinn sem hefur haft í nógu að snúast undanfarið, Skúla Jón Fríðgeirsson, Íslands- og bikarmeistara með KR. Skúli hefur sleikt sólinu í Orlando undanfarna viku.



- hdm, þeb

Mest lesið **VÍSIR**

1. Missti stjórn á sér á Kaffi Akureyri
2. Dyravörður stoppaði líkamsárás
3. Byssumaður handtekinn í Þorlákshöfn
4. Lyfjaður og dópaður ók á ljósastaur
5. Gaddaflí var skotinn í höfuðið

Office1

Fyrirtækjajónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjajónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI
550 4111

Fyrirtækjajónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

SUZUKI

Skynsamlegur kostur



Way of Life!

NÝR SUZUKI SWIFT

Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.580 þús.
Meðaleyðsla frá 5.0L/100 km



SUZUKI GRAND VITARA

Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.

Nú með öflugri 2.4L 169 hö/vél
Verð frá 4.980 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km



SX4 SPORTJEPPLINGUR.

Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.690 þús. Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur



Sparaðu með vishæfum Suzuki Splash

Verð kr. 2.250 þús. Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.

Alto. Sparneytinn borgarbil sem fær frítt í staði í miðbænum!

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.



Kizashi er fjórhjóladrifinn fólkabil í millistærðarflokki

Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseginnleika. Bill sem keppir við þá bestu!

2,4L vél. Verð 5.970 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km



Upplifðu einstaka aksturseginnleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur

Verð frá kr. 3.250 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS